Eptir þessum tilmælum var nefndum Páli ~~Ráðgjafi~~ útmælt ferhyrnt byggingarstæði 12 faðmar frá norðri til suðurs, en 10 faðmar frá austri til vesturs og honum uppálagt, að setja bæ sinn á þessu svæði þannig að hann yrði í beinni línu að sunnan við Ólafsbæ samt að vera búinn að umgyrða lóð þessa innan 2ia ára, ef hún ætti ekki að falla aptur til bæjarins. Fundi þessum slitið.

Christiansson Aug. Thomsen H. St. Johnsen

Ár 1851 þ. 26. maí var byggingarnefnd Reykjavíkurbæjar nálæg við húsið N.2 í Túngötu samkvæmt tilmælum Conferetsráðs Sveinbjörnssens að yfirlíta hvort nokkuð gæti verið á móti því að hann lengdi hús sitt um 9 al. norður eptir. Brjef hans dags. 20. þ.m. var framlagt þannig hljóðandi: " "

Þaræð viðauki þessi á að byggjast á egin lóð og öldungis í beinni línu við og í sama formi og hitt húsið, gat byggingarnefndin ekkert á móti þessu áformi haft og það því síður, sem bilið á milli nábúahúsanna er yfirgæfanlegt.

Í sama sinni var byggingarnefndin einnig nálæg í garðsrúmi yfirréttardómara Th. Jónassens, útaf munnlegri tilkynningu hans, að hann áformaði að byggja þar lítið geymsluhús úr timbri, og gat byggingarnefndin eptir að hún hafði skoðað plátsið, ekkert fundið á móti því.

Christiansson Aug. Thomsen H. St. Johnsen

Ár 1851 þ. 10da júní var byggingarnefndin nálæg að Stöðlakoti, til þess samkvæmt tilmælum smiðs Eiríks Eiríkssonar að útmæla honum byggingarpláts í viðbót við þann smiðjukofa er hann hefir þar keypt. Brjef hans um þetta efni var framlagt þannig hljóðandi: " "

Samkvæmt þessum tilmælum var beiðandanum útmælt byggingarpláts sunnan við bæinn í Stöðlakoti 12 al. frá norðri til suðurs í beinni línu við garðinn að austan 28¹/₂ al. frá austri til vesturs; og var svo fyrirmælt að þjettan garð skyldi byggja sunnan við lóð þessa til að varna átroðningi.

Christiansson Aug. Thomsen H. St. Johnsen M. W. Biering Thorstensen

Ár 1852, dag 2 Febrúar mánaðar var byggingarnefndin í Reykjavík til staðar hjá Verðslunarfulltrúa Fischer, til þess að skoða, hvort nokkuð gjæti verið smóti því, að geymsluhúsi stórkaupmanns Knutzons í Hafnarsträtinu væri breytt á þann hátt, er verðslunarfulltrúi Fischer fyrr hefir óskað hans vegna og um hvað Stiftamtmaðurinn þann 25ta þ.m. hefir leitað byggingarnefndarinnar álits.- Geymsluhús það, sem nú er talan um að breyta, liggur í hafnarsträtinu, langs með götumni með stafnana mót vestri og austri. Að vestan verðu við það, er sölu- og íbúðarhús verðslunarfulltrúa kaupmanns Knutzons í 5 álna fjarlægð, en að austan verðu við það liggur geymsluhús kaupmanns Biering í 1 7/8 al. fjarlægð. Húsið er nú á lengd 23 3/4 al. og á breidd 11 1/2 al. og jafnhátt hérum bil húsum þeim, er það stendur hjá. Þarómóti á hið nýja hús, er kaupmaður Knutzon ætlar að byggja þar í stað þessa, og í hvers öðrum enda á að vera sölubúð, að verða á lengd 24 al. og á breidd 16 al., og byggjast í sama stað og þetta, sem nú; það sem húsið á því að lengjast, verður 1 qv. og á það að lengjast um það til vesturs, og millumbilið millum sölubúðarinnar og geymsluhússins þannig styttest um 1 quartil; en það sem það á að breiðka um, verður 4 1/2 al. er gengur uppá garðs-plátsið, og þar liggur ekkert hús nær, enn annað geymsluhús í sömu byggingu, er kaupmaður Knutzon og á, og verður það í 5 1/2 al. fjarlægð þarfrá. Hvað hátt hús þetta verður, kveðst verðslunarfulltrúi Fischer ekki vita, en nokkuð muni það þó eiga að verða hærra. Byggingarnefndin gat ekki fundið, að þessi breyting á geymsluhúsinu gjæti verið til skaða fyrir nokkurn einstakan mann, eður meiri eldsvoðavon þyrfti að verða af henni, einungis finnur hún nauðsynlegt að geta þess, að hún álítur að ekki ætti að gjörast eldstæði í því nýja húsi nema ef væri lítil kamín, og með því skylyrði álítur hún að breytingin megi framfara.

Jón Pjetursson
(settur)

D. Knudsen

Ár 1852, dag 14 Febrúar átti byggingarnefndin í Reykjavík mót með sér til þess að mela út beiki Tofta, eptir beiðni hans, svæði til húsbyggingar og kálgarðs fyrir austan landsyfirréttarhúsið langs með læknum. Byggingarnefndin mældi honum út í þessu skyni fylgjandi svæði: frá austurstræti langs með skíðgarðinum fyrir austan landsyfirréttarhúsið 56 álnir á lengd allt á móts við grjóttgarð þann, er hinum megin við lækinn gjörir takmörk millum lóðar þeirrar, er fylgir húsi bakara Bernhöfts og þeirrar er fylgir húsið kaupmanns

Gunnlögsens; frá skíðgarði landyfírréttarhússins austur eptir: að norðan verður 10 al., enn að sunnan verður 11 al.; verður þá frá grunni þessum að læknum 12 al. breið gata, er liggur langs með læknum. Húsið sjálft á að vera 10 al. breiðt og 14¹/₂ al. á lengd, snúa með gaflana móti norðri og suðri, og framhliðin snúa til austurs, norður-gaflinn ganga jafn langt út til austurstrætis, sem landsyfírréttarhúsið húsið liggja frá norðri til suðurs. Frá landsyfírréttarhúsinu og til hússins verða 15 álnir; önnur hús liggja því ekki nær. Uppá þessa útmælingu ber beikir Tofta að útvega sér Amtsins samþykki.

Jón Pjetursson
(settur)

Thorstensen

D. Knudsen

Ár 1852, dag 24. Febrúar mánaðar var byggingarnefndin, í hverja nú vantar enga meðlimi, í Reykjavíkurbæ stödd hjá verðslunarfulltrúa Fischer, eptir fyrirmælum stiftamtmannsins í bréfi frá 15. þ.m., til þess að gefa öll í sameiningu álit sitt um þau atriði, er stiftamtmaðurinn í nefndu bréfi hefir beðið álits um, áður enn hann veitti samþykki sitt um breytingu á geymsluhúsi stórkaupmanns Knutzons í sjáfargötunni. Fyrirtéur verðslunarfulltrúi Fischer var viðstaddur, kvaðst hann ekki með fullkominni vissu geta nú fremur enn fyrr sagt hvað húsið skyldi verða hátt, en það mundi hérumbil verða 7¹/₂ al. undir þakið; í vestri endanum ætti að vera sölubúð og íbúðar- eður skrifstofa með Camínu, en austurendinn ætti að vera geymsluhús. Hann ætlaði (að) flytja húsið eina alin lengra vestur eptir, svo brandstiga yrði komið við millum hús þessa og kaupmanns Bierings húss, sem nú ekki verður viðkomið. Eptir þessum kringumstæðum, og einkum með til- liti til þess, að verðslunarfulltrúi Fischer nú býður að flytja húsið lengra vestur eptir, svo sviðið millum þess og hús nábúans nú verður talsvert stærra en verið hefir, svo brandstiga verður komið við þar eptirleiðis, álitur byggingarnefndin, að þó húsið verði breiðara og herra, sem til er ætlað, vaxi ekki hætta fyrir eldsvoða þarvið, og að þess vegna frá hennar hálfu ekkert geti verið móti þessari til- ætluðu breytingu. Mótinu slitið.

Jón Pjetursson
(settur)

D. Knudsen

Thorstensen

F. Steinsson S. Skaptason
Th. Jonassen

Ár 1852, maíudaginn hinn 1ta Martsmánaðar var byggingar- nefndin í Reykjavík eptir beiðni kaupmanns R. Hansens hér í bænum tilstaðar við prentstofuna samastaðar, © Þessarskjalasafn Reykjavíkur

yrði niður sett og staðið á því auða svæði, sem prentstofan á fyrir norðan sig og vestur af geymsluhúsi því, sem hún á.

Svæði þetta er, þegar reiknað er frá prentstofunni út að kaupmanns Tørgesens stakitti og skúrnum við krambúðina á leingd 27 álnir, og yrðu þá þegar 10 álma bil er látið suðt norðantil við prentstofuna, og húsið er látið snúa frá austri til vesturs, og hliðin í línu með prentstofunnar geymsluhúsi, ekki nema $9\frac{1}{2}$ alin útað kaupm. Tørgesens fyrnefndum skúr, hvar húsið ætti að standa jafnlangt fram og krambúð hans, - og þar húsið sem byggjast á (að vera) á að vera 14 álnaríkkur á lengd, verða 14 álnir eptir austur að ofangreindu prentsverks geymsluhúsi. - Kaupmaður Tørgesen mælti á móti að svo nærri væri byggt skúr sínum, einsog tilgreint er, en nefndinni virtist að skúrin væri að setja á borð við Stakit, og að þessvegna ekki myndi næg ástæða til að banna að byggja húsið af þessari orsök, - enda yrði það merkia áqvæði að láta húsið ekki standa í aptari línu með pakhúsinu. - Frá nefndarinnar hálfu er þannig ekki neitt til fyrirstöðu að byggt verði hús á því tilgreinda svæði.

Jón Pjetursson
(settur)

F. Steinsson

Jonassen

Ár 1852, þann 1 Marts var byggingarnefndin í Rvík stödd hjá tórnthúsmanni Lárusi Hallgrímssyni hé í bænum, sem flytur beiðni um að meiga byggja skúr austanvert húss síns.

Nefndin kom á staðinn og áleit að einsog hier staði á, gæti ekkert verið móti því téðri skúrbyggingu til fyrirstöðu, einungis tók nefndin fram, að skúrin ætti að vera í línu með húsinu.

Jón Pjetursson
(settur)

F. Steinsson

Jonassen

S. Skaptason

Ár 1852, dag 23. Apríl mánaðar var byggingarnefndin í Reykjavík stödd hjá Geir skómakara Jónssyni, til þess, eptir beiðni hans, að gjeta að, hvort nokkuð gjæti verið á móti því, að hann mætti fá kálgarð sinn lítið stækkaðan til austurs, nl.: ofan á móts við vestari kálgarðsenda Conferentsráðs Sveinbjörnsens. Þetta svæði er hérumbil 8 al. á lengd og aðrar 8 á breidd.

Það byggingarnefndin áleit að hinn umbeðni partur ekki gjæti verið til neins gagns fyrir bæinn, með að liggja svona, einkum þar aðrir eiga grunn að á allar síðurnar, eptirlét hún téðum Geir

skómakara part þenna.

Jón Pjetursson S. Skaptason D. Knudsen
(settur)

Ár 1852, dag 5ta Mai mánaðar var byggingarnefndin í Reykjavík mætt í Strandgötunni til þess eptir beiðni verðslunarfulltrúa H. Johnsens að skoða, hvort nokkuð gjæti verið móti því, að kaupmaður Smith byggði millum sölubúðar sinnar og geymsluhússins, þannig að úr þessum báðum yrði eitt hús; Byggingarnefndin fann ekkert þessari beiðni til fyrirstöðu, og ekki heldur þó þessi partur yrði einu lopti hærrí, einsog hlutaðeigandi hefir í hyggju að gjöra; en jafnframt tók byggingarnefndin fram, að þessi nýi partur ekki mætti ganga leingra fram á götuna, enn í mesta lagi 8 þumlunga eða $\frac{1}{3}$ part úr alin, sem atlast er til að taki af skakkan svo miðbik og horn hússins standist á.

Jón Pjetursson J. Thorstensen Th. Jonassen D. Knudsen S. Skaptason

Ár 1852, dag 5ta Mai átti byggingarnefndin í Reykjavík fund með sér hjá Hákonarþæ í Grjótahverfi, eptir beiðni Jóns Ingimundarsonar, er ætlar að byggja nýtt timburhús 5 al. á lengd og 4 al. á breidd rétt fyrir suanan timburhjall sinn, og samfast við hann. Byggingarnefndin fann ekkert til fyrirstöðu þessari beiðni hans.

Jón Pjetursson J. Thorstensen Jonassen D. Knudsen S. Skaptason

Ár 1852, dag 17da Mai mánaðar átti byggingarnefndin fund með sér, til þess eptir beiðni hins setta bæjarfógeta, að gjæta að, hvort ekki gjæti hætta risið af því fyrir bæinn, ef kaupmanni Biering væri liðið að bræða lýsi í tréskúr þeim, er hann hefir látið byggja að vestan verðu við lækjarósinn. Bæjarfógetinn fann sér skyldt að geta þess, að undireins og hann varð þess var, að kaupmaður Biering hafði byggt tréskúr þenna, ritaði hann honum, að þar hann án þess fyrir fram að fá leyfi til skúrbyggingar þessarar hjá byggingarnefndinni, og bygging þessi mætti víst álitast hättuleg fyrir bæinn, m.m. yrði hann strax að láta rífa hana niður. Uppá þetta hafði kaupmaður Biering svarað, að hann að vísu álití að þetta ekki heyrði undir byggingarnefndina, því þetta væri engin bygging, en óskaði hana samt samankallaða til að gjæta að, hvort skaði gjæti

risið af þessu; þetta pláts hefði fyrr verið útvísað til að bræða lýsi á, og hann hefði slegið saman rétt til bráðabyrgða skýli þessu til þess að fyrirbyggja að hætta gjæti risið af bræðslunni, þar það væri til að skýla að eldinum. - Byggingarnefndin skoðaði staðian, og fann að skúrinn er einungis svo gjörr, að borðin í honum eru öll laus, og það má rífa hann niður á svipstundu ef vill, eins að skúrinn eiginlega ekki er gjörður til annars, en til þess, að skíla svo að eldinum að hann ekki geti fokið víðsvegar, og áleits að ekki gjæti verið til hattu fyrir þajinn, þó bræðt væri þar lýsi, ef nauðsynlegar vareygðar væri gjætt. Annars áleit byggingarnefndin, að að skúrinn eiginlega væri engin bygging, þar það ekki væri nema lauslega samanslegin borð, er strax mætti burt taka, og að þetta viðkæmi ekki sér. Bæjarfógetinn var að vísu á annari meiningu, og áleit, að skúr þessi beinlínis væri bygging og heyrði undir Pl. af 1839. - Hinir aðrir í byggingarnefndinni óskuðu að orðinu "skúr" væri allsstaðar breytt í orðið "skýli" þarð skýli þetta ekki einu sinni gjæti kallast "skúr", borðunum væri tilt saman að ofanverðu með einum nagla, og þakið væri einungis tveir lausor flekar. Fundi sliðið.

Jón Pjetursson Thorstensen D. Knudsen T. Steinsen S. Skaptason
(settur)

Ár 1852, dag 30. júní í Reykjavík var byggingarnefndin stödd fyrir vestan lækinn til þess:

1.º, eptir beiðni stórkaupmanns Knutzens, að mæla honum þar út að norðanverðu svæði til húsbyggingar, fyrir austan landsyfirréttarhúsið. Um þetta svæði hafði beikur Tofte fyrr beðið, en honum verið neitað um það af Stiftantínu af ástæðum þeim er nefndar eru í bréfi þess frá 22. marz þ.á. og var beikur Tofte sjálfur mættur og framleggur þann móti útmælingunni af þeim ástæðum er í banni hans eru tilgreindar. Fyrir hönd stórkaupmanns D. Knutzens er mættur factor Fischer og uppástendur hann útmælingargjörðinni sé haldið áfram. Þess ber að geta, að hann hefur boðið að borga 50 rdl. fyrir byggingarsvæðið til bæjarsjóðs, að vísu bíður beikur Tofte nú 60 rdl., en byggingarnefndin áleit, að þetta eptirboð því síður nú gæti til greina komið, sem factor Fischer bíður nú og að borga sama fyrir byggingarstaðið, sem Tofte.

Byggingarnefndinni kom saman um að gatan ætti að vera með læknum, suðureptir, og frá læknum að húsum upp eptir 13 álnir á breidd, - Húsið á að snúa út og suður, og vera á breidd 12 álnir.

en á lengd 20 álnir og millibilið frá yfirréttarhúsinu vera 10 álnir, og til þess þarf að fara inn stakkítið fyrir austan L.yfirréttarhúsið um 3 álnir. Grundvöllur sá sem að öðru leyti er atlaður húsinu, nær suður eptir til móts við garðinn, sem takmarkar bekarísisins lóð að sunnanverðu, í allt 58 álnir.- Byggingarnefndin gjöðri enfremur að skilyrði að eigandi hússins skyldi gjöra girðingu langsetis með læknum fyrir lóðinni og viðhalda henni á sinn kostnað; - upp á þetta ber hlutaðeiganda að útvega stiftants samþykki.

2. Eptir beiðni timburmanns Arentz að mæla honum hússtaði strax fyrir sunnan húslóð þá, sem stórkaupm. Knutzon er útvísuð vestur við lækinn. Þessi lóð er 36 álnir á lengd og nær frá götunni með læknum vestur að Dr. Schevings lóð. - Húsið, sem hann atlar að byggja, á að vera 20 álnir á lengd og tólf á breidd, og snúa frá norðri til suðurs. Það sama skilyrði um girðingu fyrir lóðinni með læknum, sem gjört var við stórkaupmann Knutzon, var einnig gjört við timburmann Arentz, einsog honum og ber að útvega amtsins samþykki.

3. Til að útmæla kaupmanni C. Siensen hússtaði fyrir sunnan lóð þá, sem timburmanni Arentz nú er útvísuð fyrir vestan lækinn. Þessi lóð nær suðureptir 30 álnir, og vestureptir jafnlangt og Arentz lóð, nema hvað suðurendi lóðarinnar verður mjórri, þar sem Hansens kálgarður tekur við. Húsið á að vera á lengd 20 álnir og breiddin tólf álnir. Siensen biðst til að borga 10 ríkisd. fyrir lóðina, og sömuleiðis að halda uppi girðingu og búa hana til á sinn kostnað langsetis með læknum fyrir lóð sinni.

Byggingarnefndin útvísaði þannig lóðina, þó ber hlutaðeiganda að útvega amtsins samþykki.

actum ut supra

Jón Pjetursson T.Steinsen Th.Jonassen Thorstensen S.Skaptason
(settur)

Þar stiftið eittsitt (?) hefur ákvarðað að byggingin með læknum skuli byrja að sunnanverðunni get eg ekki verið þessum útmælingum samþykkur.

D. Knudsen

Ár 1852, þann 14 August mánaðar, var byggingarnefndin tilstóðar hjá kaupmanni M. Biering í Reykjavík, sem í bréfi til nefndarinnar af 12. þ.m. hefur tilkynnt Byggingarnefndinni að hann hafi í áformi að byggja Etage ofaná Pakhús það, sem hann á og stendur úti á stakkstaðum fyrir framan íbúðar- og verzlunarhús hans.

Byggingarnefndin áleit að þessari ósk hlutaðeiganda ekki gæti verið neitt til fyrirstöðu, og gaf því sitt samþykki til þessarar ofanefndu breytingar á ofangreindu pakhúsi. Þó ber að leita amtsins approbationar.

En fremur gjörði kaupmaður M. Biering uppskátt fyrir nefndinni, að hann vildi og ætlaði að gjöra breytingu á íbúðarhúsi sínu, þá nefnil. að hann ætlaði að flytja eldhúsið, í vesturenda hússins, og setja þar skorstein, og einnig að gjöra nokkrar aðrar breytingar innanhúss.

Einnig þetta áleit nefndin honum heimilt, en hún þóttist sannfærð um, að hlutaðeigandi mundi hvað skorsteininn snerti, annast um að verkið yrði forsvaranlega leyst af hendi. ut supra.

V.Finsen S.Skaptason Th.Jonassen T.Steinsson

Ár 1852, þann 18. August mán. var byggingarnefndin tilstaðar hjá skilakennara herra H. Friðrikssyni í Reykjavík, sem í bréfi til nefndarinnar, dagsettu 16. þ.m. hafði tilkynnt nefndinni, að hann hefði í áformi að byggja móhús fyrir sunnan íbúðarhús sitt, 10 álnir á lengd og 6 álnir á breidd.

Nefndin, sem kom á staðinn, og skoðaði hvernig tilhagaði, fann ósk hlutaðeiganda ekkert til fyrirstöðu, þó ber honum að leita amtsins samþykkis áður en byrjað er á verkinu. - Fundinum slitið.

V.Finsen D.Knudsen T.Steinsson Th.Jonassen S.Skaptason

Ár 1852, 10. dag September m. var byggingarnefndin tilstaðar í brekkunni fyrir vestan tjörnina til að mæla þeim kaupmönnum M.W.Biering og G.F.Siensen út byggingarsvæði til "Fabriksanlæg", samkvæmt beiðni þeirra í bréfi 3. þ.m., sem var framlagt svohljóðandi

Samkvæmt þessu var ofanefndum mönnum mælt út svæði, 60 álna að lengd frá suðri til norðurs í ofanefndri brekku og byrjar það 94 álnum fyrir sunnan Grundtvigs-hús; að norðan eru 6 álnir frá því útvísaða svæði til uppsprettu þeirrar sem er í miðri eða sunnanverðri brekkunni; á breiddina nær svæðið frá götunni og niður að tjörninni og var hlutaðeigendum leyft að fylla upp 20 álnir út í tjörnina (til að búa þar til götu). Húsið, sem þeir ætla að byggja, verður langs með götunni á lengdina.

Þaræð svæði þetta er partur af túni því, sem leigt er þeim kaupmanni H. St. Johnsen og bókbindara Egli Jónssyni, bótti bygr

ingarnefndinni rétt að borgað væri til bæjarsjóðs nokkurt endurgjald fyrir það, með því fyrir má sjá, að lækka verður leiguna við þá, sem hingað til hafa haft túnið og héreptir leigja það. Álitu nefndarmenn að lækun þessi mundi svara svosem 1 rdl. á ári og var því ákveðið, þaræð hlutaðeigendur óskuðu helst að borga endurgjald þetta einu sinni fyrir öll, að það skyldi vera 25 rdl. Um leið og þeir kaupmaður Siemsen og kaupmaður Biering undirgengust þetta, áskildu þeir sér jafnframt, að þeir skyldu vera lausir við að borga endurgjald þetta, ef það skyldi reynast, að ómögulegt yrði að byggja í brekkunni vegna þess þar kynni að vera stórgrýti eða klettur undir jarðveginum, og féllst nefndin á það. Loksins ber þess að geta, að hlutaðeigendum ber að leita amtsins samþykkis, áður en byrjað er á verkinu. Fundinum slitið.

V.Finsen Thorstensen D.Knudsen Th.Jonassen T.Steinsson
M.W.Biering Carl Franz Siemsen

Ár 1852, fimtudaginn hinn 7. Október var byggingarnefndin stödd austur við lækinn til þess samkvæmt bréfi frá kaupmannsfulltrúa W. Fischer dagsettu 5. þ.m., sem var framlagt svohljóðandi " " að skoða afstöðuna millum grundvallarins sem hann þegar hefir lagt til húss þess, hvartil byggingarsvæði var útvísað stórkaupmanni Knutzon 30. júlí þ.á., og hver útvisun er staðfest með bréfi stíptamtsins frá f.m., og yfirréttarhússins, sem er næst þar fyrir vestan. Allir meðlimir byggingarnefndarinnar voru mettir nema yfirréttarassessor Jonassen, svo voru og mettir kaupmannsfulltrúi W. Fischer samt kaupmaður C. F. Siemsen og myllari Arenz, hverjum 2 síðarnefndum mönnum einnig hefir við ofanefnt takifari verið útvísað byggingarsvæði vestur með læknum, og hefir myllari Arenz einnig lagt grundvöllinn að sínu húsi í sömu stefnu og kaupmanns Knutzons.

Eptir að afstöðurnar bæði við lækinn og við yfirréttarhúsið nákvæmlega voru mældar af byggingarnefndinni, fannst það, að þeir lögðu grundvellir voru einsog vera átti eptir þeim staðfesta útvisun 13 álnir frá læknum, en þarómóti er grundvöllurinn að húsi því, sem stórkaupmaður Knutzon ætlar að byggja, nær yfirréttarhúsinu en opið bréf frá 29. maí 1839 tiltekur; nyrðra hornið á grundvöllinum er reyndar hérumbil 13 álnir frá yfirréttarhúsinu, en þarómóti er syðri endinn ekki meira en 9 álnir frá syðri endanum ágaflinum á yfirréttarhúsinu; þaræð kaupmannsfulltrúi Fischer lét í ljósi, að hann gæti hvorki gert húsið yfirhöfuð né heldur syðri enda þess mjórri

en þær kveðnu 12 álnir, og þarð nefndinni þótti öldungis nauðsynlegt að gata nákvæmlega ofannefndræreglu í opnu bréfi 1839 um afstöðuna ámillum húsanna, en þótti á hinn bóginn ekki eins mikil nauðsyn á að gatan millum lækjarins og húsanna væri fullt svo breið sem ákveðið var, nefnilega 13 álnir, uppálagði nefndin kaupmannsfulltrúa Fischer að flytja grundvöllinn þannig að hann sé hvergi nær yfirréttarhúsinu en 10 álnir, hvarámóti honum var eptir beiðni hans útvísuð 1 alin til austur á við, þannig að afstaðan millum hússins og lækjarins verða 12 álnir, og verður þessi afstaða einnig að gilda fyrir hús þau sem myllari Arenz og kaupmaður Siemsen hafa í áformi að byggja, hversvegna Arenz, sem eptir áðursögðu hefir þegar lagt grundvöllinn að húsi sínu, verður að flytja út grundvöllinn samkvæmt þessu, og verður hann að eiga við Fischer, sem fyrst hefir lagt grundvöllinn sinn en ekki hafði fyrr en nú aðgætt að hann eptir þeirri staðfestu útvísun kom of nærri yfirréttarhúsinu, um skaðabætur fyrir það, að hann þannig verður að flytja grundvöllinn. Þarð ekki hefir verið við útvísunina ákveðið neitt um línu þá, sem gaflinn á húsi stórkaupmanns Knutzons á að eiga út til Austurstretis, ákvarðaði nefndin einnig við þetta tækifæri, samkvæmt opnu bréfi 1839, Litr.C, að húsgaflinn á að fylgja beinni stefnu með framhliðinni á yfirréttarhúsinu. Loksins lét kaupmaður Siemsen í ljósi, að hann æskti að mega hafa hús sitt, sem útvísað var byggingarsvæði til við það optumgetna tækifæri, 1 eða 2 álnir breiðara en þá var ákveðið, nefnilega 12 álnir, þannig að það yrði 13 eða 14 álnir, og samþykkti nefndin það. Þess ber að geta að bera verður það sem hér er ákveðið undir stiptantið.

Nefndin bætir því við, að ef myllari Arenz skyldi óska að hafa hús sitt breiðara en eina alin, til þess að komast hjá þeirri fyrirhöfn að flytja bæði vestur og austurhliðina á grundvöllinum, þá geti nefndin ekkert haft þar á móti, einsog líka honum aptur var leyft, ef hann æskti þess, að láta húsið vera 1 eða 2 álnir styttra. Fundinum sagt slitið.

V.Finsen Thorstensen T.Steinsson S.Skaptason C.F.Siemsen

Den 14 ~~februar~~^{februar} Aar 1852 blev den omtalte Grund udmaalt til Tofte og af de Medlemmer Bygningscommissionen dengang bestod af eenstemmig tilladt. Husets Størrelse var dengang ansat til 14 Al. Længde og 10 Al. Bredde, hvortil der dengang efter deres Sjön var Plads nok. Efterat der saaledes er udmaalt en Byggeplads til P. C. Tofte den omhandlede Dag, ved hvilken Udmaaling jeg var tilstede, og som nu igen er ham frataget og udviist Grosserer P. C. Knutzon den 30te Juni d. A. hvilken Udvisning jeg allene dengang modsatte mig, saa kan jeg

nu ikke andet end indfinde at Grosserer Knutzon ikke kan have større Ret til førnævnte Byggeplads end Bødker Tofte som er Borger af Byen. Hvað Prisen for Grundænz angaaer har P. C. Tofte budt ligesaa meget som Factor Fischer paa Grosserer P.C. Knutzons Vegne, og endog vilde gjøre Overbud.

D. Knudsen

Ár 1852, þriðjudaginn hinn 12. okt. var bæjarfógetinn með vottum, lögregluþjónum bæjarins, tilstaðar austur við lækinn til þess samkvæmt opnu bréfi 29. maí 1839, Litr.A að útmæla byggingarsvæði það, sem 30. Júlí þ.á. var útvísað stórkaupmanni P.C.Knutzon af byggingarnefndinni. Til þess að taka þátt í útmælingunni hafði bæjarfógetinn tilkvætt snikkara D. Knudsen, svo voru og mættir verzlunarfulltrúi W. Fischer og timburmaður Ahrenz, sem á lóð næst því ungetna svæði.

Fór síðan útmælingin fram að öllu samkvæmt þeirri staðfestu útvísunargjörð, nema að því leyti að þess nú var nákvæmlega gætt, að hússtæðið hvergi verður nær yfirréttarhúsinu en þar lögskipuðu 10 álnir, sem ekki hafði áður verið aðgætt né nákvæmlega útmælt og reyndist það, að það samkvæmt þessu var nauðsynlegt að mjökka götuna millum hússtæðisins og lækjarins, þannig að hún verður $11\frac{1}{4}$ alin á breidd, sem þannig var útmælt. Loksins voru sett merki við takmörkin á lóðinni suður á við, einsog líka var ákveðið hvað langt stakkítið við yfirréttarhúsið á samkvæmt útvísuninni að flytjast inn. Það útmælda hússtæði var afmarkað með niðursettum spítum og snúrum.

Þaræð verzlunarfulltrúi Fischer ekki hafði neina frekari athugasemd að gjöra við það ofanskrifaða, var gjörðinni þannig lokið.

V. Finsen

W. Fischer

Ár 1852, miðvikudaginn hinn 13. okt. var af bæjarfógetanum áframhaldið útmælingunni á byggingarsvæðum þeirra stórkaupmanns P.C. Knutzons og myllara Ahrenz, til þess samkvæmt bréfi stiptamtsins ígar að ákveða nákvæmar breidd götunnar millum nefndra byggingarsvæða og lækjarins. Til aðstoðar við útmælinguna var viðstaddur timbursveinn Nielsen.

Eftir að búíð var með snúrum sem dregnar voru í ferhyrning

að mæla út hornin og afstöðurnar, var millibilið millum yfirréttarhússins og hússtæðis þess sem útvísað er stórkaupmanni Knutzon, eins og áður ákveðið til 10 álna, en þaræð það fannst að húsið átti, til að fylgja fullkomlega stefnunni af læknum, að smúa dálítið meira að læknum með því húshorninu, sem að sunnan snýr að nefndum læk, var gatan, samkvæmt ofanefndu bréfi stiptamtsins ákveðin á breiddina 11 álnir og 13 þumlungar - ellefu álnir og þrettán þumlungar - og var þetta afmarkað með niðursettum hælum.

Samkvæmt þessu var og einnig húslóð sú, sem útvísuð er myllara Ahrenz, útmæld honum og nákvæmlega afmörkuð með hælum. Gjörðinni lokið.

V. Finsen

Ár 1852, hinn 22. October var byggingarnefndin tilstaðar austur við lækinn til þess að ákveða hvað nærri læknum stakkít það, sem þar á að vera, skuli setjast og fellust menn á að það yrði 1 al. 13 þumlungar frá læknum; eins var ákveðið að gangstéttin skyldi að breidd vera 2 álnir, og verður þá gatan 8 álnir á breidd.

In fidem

V. Finsen

Ár 1852, miðvikudaginn hinn 27. October var byggingarnefndin tilstaðar í Aðalstræti við búðarhús Þorfinns kaupmanns Jónatanssonar Nr.1 í nefndu stræti til þess samkvæmt beiðni hans, sem var framlögð svolátandi: " " að yfirvega hvort honum gæti gefizt leyfi til að umgirða nokkurn hluta af svæði því sem liggur frá austri til vesturs millum syðri enda búðarhússins og götunnar (Aðalstrætis). Þess ber að geta að kaupmaður Þ. Jónatansson á garðsrúm fyrir sunnan húsið og nær garðsrúm þetta til suðurs að Austurstræti og til vesturs að Aðalstræti, og nær það 6½ alin lengra til vesturs en húsið sjálft, sem er í beinni stefnu með húsi Targesens og hérumbil einnig með prentsmiðjunni, hvarámóti girðingin kringum garðsrúm Þ. Jónatanssonar, sem eins og áður er getið, nær lengra vestur á við, er í stefnu með kirkjugarðinum og kálgarðinum við prentsmiðjuna, og er það nú ósk Þ. Jónatanssonar að mega útvíðka garðsrúm sitt norður á við fram með húsinu, þannig að það nái 8 álnir lengra en áður frá suðri til norðurs reiknað frá suðurgafli hússins, og viðauki þessi

nái eins langt til vesturs en sem garðsrúm hans hingað til hefir náð, og verður þannig viðbót sú, sem hann fær, á aðra hliðina 8 álmir og á hina 6½ alin. Þaræð garðsrúm það sem Þ. Jónatansson hingað til hefir haft, er harla lítið fyrir hann, og að nokkru leyti - með hliðsjón til þess að hann eptir gömlum afsalsbréfum þykist eiga lóð 6½ alin vesturfyrir hið umgetna hús, þótti byggingarnefndinni ekki full ástaða til fyrir sitt leyti að veita hið umbeðna leyfi, en áleit þó réttast, með tilliti til að menn kynnu ásiðan, til að gjöra götuna reglulegri, að vilja láta flytja inn bæði kirkjugarðinn, kálgarð prentsmiðjunnar og garðsrúmið við hús Þ. Jónatanssonar, en sjálfsagt þá mót endurgjaldi, - að gjöra það að skilyrði að ofanefndur vísauki við garðsrúmið skuli, ef þess verður krafist á sínum tíma, takast í burt aftur af eigandanum, án þess hann þarfyrir geti heimtað neitt endurgjald. Gjörðinni lokið.

V. Finsen Thorstensen T. Steinsson S. Skaptason

Ár 1852, fimtudaginn hinn 4. november hélt byggingarnefndin í Reykjavík fund með sér, til þess, samkvæmt bréfi frá stiptamtinu, dagsettu 30. f.m., sem var framlagt svohljóðandi: " " að yfirvega, hvort ekki mundi réttast nú þegar, um leið og kaupmanni Þorfinni Jónatanssoni væri leyfð en umgriðing sú við hús hans í Aðalstræti, sem ratt hefir verið um á næstundangangandi fundi byggingarnefndarinnar hinn 27. þ.m., að afmarka götuna og jafnframt bjóða þeim, sem eiga hús í sömu röð og Þorfinnur kaupmaður, að umgírða pláts það, er þeir þættust eiga, þannig að gatan væri nú þegar afmæld. Af nefndarmönnum voru auk bæjartfógeta tilstaðar justitsráð Thorstensen, saikkari D. Knudsen, bæjarfulltrúi S. Skaptason og söðlasmiður T. Steinsson.

Eptir að nefndarmenn höfðu nákvæmlega yfirvegað málefni þetta, féllust þeir í einu hljóði á að það mundi vel tilfallið að gatan væri nú þegar afmæld á þann hátt, sem stiptamtsbréfið bendir til, einsog nefndarmönnum einnig leitst vel á, að hlutaðeigendum, sem eiga hús í sömu röð og Þorf. kaupmaður einsog stiptamtmaður hefir stungið uppá, væri gjörður kostur á að mega umgírða pláts það sem liggur á milli húsa þeirra og þeirrar tilteknu stefnu, þó með því skilyrði, að til slíkrar girðingar þurfi í hvert sinn útvisun byggingarnefndarinnar og samþykki stiptamtsins. Fundinum slitið.

V. Finsen J. Thorstensen D. Knudsen T. Steinsson S. Skaptason

Ár 1852, föstudaginn hinn 12. nóvember var byggingarnefndin tilstaðar fyrir neðan kálgarðinn á Stöðlakoti, til þess samkvæmt beiðni tómt húsmanns Jóns Árnasonar í bréfi dagsettu 10.p.m., sem var framlagt svolátandi: " " að yfirvega hvort honum gæti orðið útmælt nokkuð að svæði því, sem liggur fyrir neðan nefndan kálgarð, svo garðurinn yrði stærri og stefan laglegri að neðan.

Eftir að nefndarmenn höfðu yfirvegað mál þetta, þótti þeim ísjárvert að útvísa hið umbeðna svæði, þaræð kálgarðurinn er full stór áður, auk þess að svæði þetta er partur af túni þájarins. Þarómóti þótti nefndinni ástæða til að leyfa J. Árnasyni að hann megi, þegar hann fer að hlaða girðinguna að neðanverðu eða vestanverðu á kálgarðinum, flytja vesturhlið þessa á garðinum út eða niður á við að sunnanverðu um eina alin, á móti því að hann að norðanverðu flytji girðinguna inn um eina alin, og verða nokkrir af nefndarmönnum að vera viðstaddir, þegar hann byrjar á verkinu, hvarum hann verður að gefa vísbendingu, svo gætt sé þess að farið sé eftir ofanefndri ákvörðun. Þó ber honum að leita amtsins samþykkis. - Fundinum slitið.

V. Finsen Th. Jonassen Thorstensen T. Steinsson S. Skaptason

Sama ár og dag var byggingarnefndin stödd vestur á læknisgötu, hvar nú var búíð að rífa hjall þann, sem áður hefir staðið fyrir framan íbúðarhús snikkara D. Knudsens og hét þá nefndur D. Knudsen, sem er meðlimur byggingarnefndarinnar í ljósi, að þaræð æskilegt væri og fallegra að gatan þar fyrir framan væri nokkuð breiðari, vildi hann leyfa að stakkstaði hans í þessu skyni væri flutt nokkuð inn, nefnilega að vestanverðu um hárumbil 1 alin, og að austanverðu nokkuð minna. Fyrir þetta tjáði nefndin honum þakklæti.

V. Finsen Thorstensen T. Steinsson S. Skaptason

Ár 1852, hinn 2. October var byggingarnefndin tilstaðar á Hólakoti, útaf beiðni Gríms Árnasonar þar, dags. 25 f.m. að lóðin við bæ hans yrði tiltekin og ákveðin. Bréfið hljóðar þannig.

Byggingarnefndin áleit að það væri tiltækilegast, að þessu yrði hagað þannig, að Sigurður feingi suður af hjalli sínum

útvísar 10 álnir á lengd og 10 álnir á breidd, í beinni línu með hjallinum og syðri hlið kálgarðsins fyrir suanan bæ hans, á móti því að Grímur ~~þessi~~ feingi af honum aptur ár kálgarðinum að aptanverðu rétt suður fyrir mótottina sem stendur norðan til í garðinum, beint í móti bæarsundi. Svo leyfði nefndin Grími einnig að byggja hjall norðan við hjall Sigurðar og í sömu línu norður eptir það langt, að hjallins nyrðri endi standist á við nyrðri bæarvegginn, og loks var ákveðið að þeir Sigurður og Grímur skyldu að vori komandi slétta út öskuhauginn fyrir norðan hjallinn, og þeir eptirleiðis ekki meiga bera þar neina ösku, en hún berast öll í gryfjuna, sem gröfin er við veigin suður að Skildinganesi; skyldi þekja yfir öskuhaugastæðið, svo þar gæti aptur orðið tón eptirleiðis, og má því eingan umgang hafa þar frá þænum. - Hlutaðeigendur, sem voru viðstaddir, létu sér þetta vel lynda. Fundi slitið.

V. Finsen D. Knudsen T. Steinsson Th. Jonassen

Þessu samþykkir:

Reykjavík 16. desember 1852

H. Scheving B. Gunlögsson

Ár 1853, fimtudaginn hinn 21. apríl var byggingarnefndin stödd austur á Lækjargötu hjá húsgrundvelli timburmanns Ahrenz, sem beiddist að fá leyfi til að lengja hús það sem hann ætlar að byggja þar samkvæmt útmælingu 30. júní f.á. um 6 ~~álmir~~ norður á við, þannig að húsið verður á lengd 26 álnir.

Eptir að búið var með mælingu af allri lóð þeirri sem Ahrenz við það umrædda tækifæri var útvísar, að komast að raun um að þegar búið er að lengja húsið á þann hátt sem bent er til, verða samt 6 til 6½ alin eptir frá húsinu norður að lóð stórkaupmanns Knutzons, sem er næst þar við, lét nefndin í ljósi að frá sinni hálfu væri því umbeðna ekkert til fyrirstöðu. Þess ber að geta að ályktun þessi mun verða borin undir stiptantið. Fundinum slitið.

V. Finsen Th. Jonassen T. Steinsson S. Skaptason

Ár 1853, fimtudaginn hinn 28. apríl var byggingarnefndin stödd við húsið Nr. 10 í Grjótagötu, tilheyrandi ekkjufrú H. Eigilsen útaf beiðni ~~þess~~ nefndrar ekkju um að fá leyfi til að byggja upp

móskúr á lóð þeirri sem heyrir nefndu húsi hennar til. Bréf þetta var viðtengt bókinni Nr.1 og innferist svohljóðandi:

Fyrir hönd frúarinnar var tilstaðar stúdent Jón Árnason, einsog líka var nálægur eigendinn að nábúalóðinni fyrir norðan, kaupmaður Þorsteinn Jónsson.

Stúdent Jón Árnason lét í ljósi að frú Egilsen vildi hafa móskúr þenna áfastan við norðurgöfl hússins og jafnbreiðan og húsið nefnilega 7 álnir en á lengd verður skúrinn 6½ alin og verður þá millibilið milli skúrsins og lóðar kaupmanns Johnsens hérumbil 1½ alin, en negin hús eru þar í nánd í þá átt.

Kaupmaður Þ. Jónsson gjörði uppskátt, að hann hefði ekkert ámóti því að hagað yrði skúrbyggingunni á þá leið sem þegar er sagt.

Samkvæmt þessu gaf byggingarnefndin frú Egilsen það umbeðna leyfi til að byggja sér með þeirri afstöðu, lengd og breidd, sem stungið var uppá, uppá ventanlegt samþykki amtsins. Fundi slitið.

V.Finsen D.Knudsen T.Steinsson S.Skaptason Th.Jonassen

Sama ár og dag var byggingarnefndin stödd við húsið Nr.5 í Kirkjugarðsstræti, hvar þá eptir munnlegrá beiðni ekkjunnar Guðrúnar Bjarnadóttur var gefið leyfi til að hún mætti byggja móskúr á lóð þeirri sem fylgir téðu húsi, áfastan norðurgöflinum á húsinu og jafnbreiðan því en á lengd frá suðri til norðurs 3 álnir og er þess að geta að þá verða samt 11 álnir eptir norður að nábúahúsinu Nr.4 í Kirkjugarðsstræti. Þess ber að geta að samþykki stiptamtsins mun verða leitað hér uppá. Fundi slitið.

V.Finsen D.Knudsen T.Steinsson S.Skaptason Th.Jonassen

Ár 1853, mánudaginn hinn 2. maí var byggingarnefndin tilstaðar í Grjótagötu fyrir ofan kálgarð þann sem heyrir til húsinu Nr.10 í nefndri götu, útaf skriflegri beiðni þeirra hafnsögumanns Þorláks Þorgeirssonar og skósmiðs Geirs Jónssonar um að fá útvísað hið auða svæði sem þar liggur fyrir sunnan götuna og vestan ofan nefndan kálgarð. Áminnst bótarbréf voru mörkuð Nr.1 og Nr.2 og innferast svohljóðandi: " "

Þæði Þorlákur og Geir voru mettir, svo metti og vegna

Mdm Thomsens, sem býr andspenis nokkru af hinu umgetna svæði, kaupmaður R. P. Tørgesen og heimtaði þessi síðastnefndi að áminnstri Mdm Thomsen yrði útvísað sá partur af svæðinu, sem er ámóts við hús hennar, sem er Nr.9 í Grjótagötu, hvað og Þorlákur lóðs kvaðst vera ánagður með, ámóti því að hann fengi stykkið fyrir vestan upp að kálgarði Geirs skósmíðs.

Þaræð nefndinni virtist ekkert geta verið til fyrirstöðu útvísunum þessum, var fyrst handa Mdm Thomsen mælt út stykki, næst fyrir vestan kálgarðinn við húsið nr.10 í Grjótagötu, 11 álnir frá austri til vesturs, þannig að vesturhliðin er í stefnu með vesturhlið hússins, og $10\frac{1}{2}$ alin ^{frá norðri} norðri til suðurs, nefnilega allt að kálgarði Jóns Guðmundssonar fyrir vestan það þannig útmælda svæði var hafasögumanni Þorláki Þorgeirssyni mælt út stykki, sem að breidd frá norðri til suðurs er eins og hið þegar umgetna, nema svo sem $\frac{1}{2}$ alin mjórra í vesturendann, að lengd frá austri til vesturs $24\frac{1}{2}$ álnir. Loksins var fyrir vestan þetta svæði útmælt Geir skósmíð Jónssyni stykki það, sem er jafnsíðis kálgarði hans, að lengd frá austri til vesturs 26 álnir, að breidd við austurendann 6 álnir, við vesturendann 2 álnir. Öll þessi svæði ná að norðanverðu að götunni og ber hlutaðeigendum að láta skíðagarða þá sem þeir setja upp að norðanverðu eða hús fylgja beinni stefnu.

V. Finsen D.Knudsen T. Steinsson S.Skaptason

Sama ár og dag var byggingarnefndin stödd í holtinu fyrir sunnan og austan Skálholtskotstún til þess að yfirvega, hvort tómt-húsmanni Jóni Thordarsyni sankvæmt beiðni hans í bréfi 26. febr. þ.á. sem var framlagt svohljóðandi, gæti þar orðið útvísað bejar- og kálgarðsstæði.

Eftir að nefndin hafði skoðað svæði þetta, sem í útnorður takmarkast af Skálholtskotstúngarði og nær ofan að bletti þeim sem vísaður hefir verið ~~xxx~~ út August Thomsen til ræktunar, virtist nefndinni svæði þetta vera af því ásigkomulagi, að vel mætti rækta það til grasnytjar, og ætti því að taka tillit til þessa augnamiðs við útvísun á svæðinu. Þetta lét nefndin í ljósi við Jón Þórðarson, sem þá gat þess, að sér væri einkar kært, ef hann gæti fengið útvísað svæði í sterra lagi, sem hann þá að nokkru leyti gæti tekið til ræktunar, ámóti því að hann hefði hinn þannig ræktaða part leigu- og afgjaldslaus í 25 ár, en eftir þann tíma skyldi hann falla til kaupstaðarins.

Þareð nefndin varð að álíta þessa uppástungu gagnlega fyrir kaupstaðinn, var síðan mældur út ferhyrningur, frá landnorðri til útsuðurs 85 álnir að lengd og frá útnorðri til landsuðurs 45 álnir að lengd og takmarkast þessi ferhyrningur til útnorðurs af Skálholtskotstúngarði og til útsuðurs af götunni, sem jafnsíðis garði A. Thomsens gengur í útnorður ofan ígegnum Skálholtskotstún. Þerinn, sem Jón Þórðarson ætlar að byggja sér, á að vera á balanum næst Skálholtskotstúngarði, og verður þerinn 15 álnir á lengd og 12 á breidd; kálgarður verður þar fyrir meðan 20 álnir á lengd og 18 álnir á breidd og nær kálgarðurinn þá ofan að áminnstri götu. Hið útvísaða svæði ber honum að vera búinn að umgírða innan 3 ára og fellur það allt til kaupstaðarins að 25 árum liðnum, að undanteknu plázi því sem eptir framanskriðuðu er atlað til kálgarðs og bæjarstaðis.

V. Finsen Th. Jonassen T. Steinsson S. Skaptason

Sama ár og dag var byggingarnefndin stödd uppi við bæ Péturs Skúlasonar, Neðraholtá til þess að yfirvega, hvort honum samkvæmt beiðni hans í bréfi 24. f.m. gæti veitt leyfi til að fara út umgírðingu sína lengra suður í holtið. Áminnst bréf var framlagt svohljóðandi: " "

Eptir að nefndin hafði gjört honum uppskátt, að hún ekki gæti útvísað honum viðbót við lóð hans, sem þegar er í stærra lagi, nema með því skilyrði að hann tæki viðbót þessa til ræktunar og að hún eptir 25 ár skyldi tilfalla kaupstaðnum, kvaðst Pétur fúslega vilja undirgangast þessa skilmála og var þess vegna fyrir sunnan lóð hans útmælt svæði í stefnu að vestan og austanverðu við girðingarku hans eins og hún er nú, til suðurs 50 álnir að vestanverðu en 30 álnir að austanverðu, og frá austri til vesturs 46 álnir. Svæði þetta ber honum að girða innan lögboðins tíma og útlegst það honum til ræktunar afgangslausu um 25 árin næstu, en frá þeim tíma á kaupstaðurinn rétt á að heimta leigu eptir það, einsog Pétur Skúlason einnig eptir kröfu nefndarinnar undirgekkst, að einnig pláz það sem hann samkvæmt fyrri útvísun hefir ræktað sem kálgarð, nefnilega það pláz allt sem er fyrir austan bæ hans, 42 álnir á hvern veg, skuli, í endurgjald fyrir það honum nú afgangslausu um 25 ár útvísaða svæði, einnig eptir 25 ár tilfalla kaupstaðnum, þannig að kaupstaðurinn eptir téð tímabil hefir rétt til að heimta leigu einnig eptir það.

V. Finsen Th. Jonassen T. Steinsson S. Skaptason

Sama ár og dag var byggingarnefndin stödd hjá húsi söðla-smiðs Steinsens, sem lét í ljósi að hann hefði í huga að byggja Kvistetage á miðju húss síns með 2 gluggum út til götunnar, hverju nefndin áleit ekkert gæti verið til fyrirstöðu. Fundi slitið.

V. Finsen Th. Jonassen D. Knudsen S. Skaptason

Ár 1853 föstudaginn hinn 13. maí var byggingarnefndin tilstaðar uppi hjá Stöðlakoti eptir munnlegri beiðni tórnásmanns Jóns Árnasonar um samþykki til að hann mætti búa til kálgarð fyrir norðan bæinn, þar sem rústir eru nú af kofa, sem þar hefir staðið áður.

Eptir að nefndin hafði skoðað staðinn og sannfært sig um að kálgarðurinn verður að öllu leyti á lóð Jóns Árnasonar sjálfs, einsog hún hefir verið hingaðtil, lét hún í ljósi að henni virtist ekkert geta verið beiðni þessari til fyrirstöðu, og ber hlutaðeiganda aðeins að sjá um að hliðarnar á garðinum fylgi rétttri línu, frá austri til vesturs með lengd Stöðlakotsbæjanna og frá norðri til suðurs með breidd þeirra.

V. Finsen Th. Jonassen T. Steinsson S. Skaptason

Sama ár og dag var byggingarnefndin stödd uppi við bæ Lárusar Gunnarssonar Nr. 21 Arnarhólsholti, sem hefir lýst því áformi fyrir nefndinni að byggja sér hjall á lóð sinni suðurundan bæ sínum.

Nefndin kom á staðinn og ákvarðaði að hjallurinn skyldi standa á lengdina í austur og vestur, jafnsíða bænum, hvers norður-hlið snýr að alfaraveginum, og á vesturgafflinn á hjallinum að vera í línu með vesturgaffli bæjarins, þannig að hjallurinn verður að öllu leyti á bak við bæinn.

V. Finsen Th. Jonassen T. Steinsson S. Skaptason

Sama ár og dag var byggingarnefndin tilstaðar vestur hjá Sjóbúð, útaf því að eigandi nefnds bæjar, lögregluþjónn Þorsteinn Bjarnason hefir lýst yfir því áformi að flytja hjall þann sem heyrir til bænum.

Hjallurinn stendur nú fram á klöppinni og er bæsi að honum og kofa þeim sem þar stendur fyrir austan fremur óprýði. Þorsteinn hefir nú í huga að flytja hjallinn suður yfir lækni götuna, sem hefir hingaðtil aðskilið hjallinn frá hinni annari lóð bæjarins, vesturundan bænum, á hverri hjallurinn á nú að standa og ákvarðaði nefndin að hjallurinn skyldi á lengdina standa langs með og í línu með lækni götu, fyrir sunnan hana; við þetta tækifæri verður jafnframt mögulegt að taka bugðu nokkra af götunni á þessum stað og gjöra hana nokkra breiðari, svo sem 1 alin. Ofan nefndin kofa ætlar Þorsteinn að rífa niður og þarsem kofinn og hjallurinn hefir verið hingaðtil ætlar hann að leggja stakkstaði, hvará nefndin einnig fellst, þaræ breytingar þessar eru í öllu tilliti til prýðis.

V. Finsen Th. Jonassen T. Steinsson S. Skaptason

Ár 1853 fimtudaginn hinn 30 Juni var byggingarnefndarfundur haldinn á Austurvelli, til þess að afmarka þar samkvæmt bréfi stiptamtsins frá 22. þ.m. stræti það eður húsaröð, sem þar á að byggjast frá austri til vesturs samsíða Vallarstræti. Nefnt stiptamtsbréf var framlagt svohljóðandi: " "

Nefndinni kom saman um að hin nýja húsaröð á að vera í stefnu með suðurhlið Vallarstrætis að því leyti það nú er byggt beggja megin og getur gata sú, sem í framhaldi af hinum byggða parti Vallarstrætis frá P. Melsteðs húsi og austur eptir hefir fyrir nokkrum árum síðan verið lögð, ráðið línu húsanna, þannig að norðurhlið húsanna standi þétt upp að téðri götu og getur ekki leyft að skúrar sé við húsinn út til götunnar, þar húsinn annars ekki getu staðið fast upp við götuna, sem er nauðsynlegt vegna stefnunnar með suðurhlið hins byggða parts af Vallarstræti. Húsaröðin á að brja 10 álnir frá húsi P. Melsteðs og ná 105 álnir austur á við og eru þá eptir austur að skíðgarði prófessors P. Péturssonar 21 alin; verður þá gaflinn á austasta húsinu í nýju húsaröðinni í stefnu með austur gaflinum á húsi Mad. G. Möllers. Garðsrúm geta húsinn ekki haft nema í stefnu frá austri til vesturs á millum húsanna og á framhliðin á húsunum að snúa út að Austurvelli og var ætlast til að breidd svæðis þess sem lagt verður út fyrir þá nýju ~~götu~~ húsaröð verði 20 álnir, og þótti þetta ekki mega vera minna með hliðsjón til þess, að nauðsynlegt verður fyrir hús-eigendur að hafa skíðgarð nokkurn fyrir sunnan húsinn, sem gæti verið líkt og fyrir framan hús assessors J. Péturssonar. Móskúrar eða slíkt eiga helst að byggjast upp við hús gaflan © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

E. Siemsens. Að öðru leyti áleit nefndin óþarfa að sveða nu þegar, hvort á hinu umrædda svæði fyrir nýja húsröð geti orðið byggð 3 eða 4 hús, sem verður að vera komið undir kringumstæðum. Loksins ber þess vandlega að geta, þegar farið verður að byggja, eða útbúa byggingarstöði á þeirri nýju götu, að húsin verði byggð sem skipulegast og sem mest samsvarandi hvert öðru.

Sankvæmt ályktunum þessum, sem verða bornar undir úrskurð stiptemtsins, afmældi nefndin handa þeirri umhugsuðu húsröð ferhyrnat svæði að lengd 105 álnir frá austri til vesturs og að breidd frá suðri til norðurs 20 álnir og var svæði þetta afmarkað með hælum. Fundi slitið.

V. Finsen D.Knudsen S.Skaptason Thorsteinson Th.Jonassen

Ár 1853, fimtudaginn hinn 28. Juli var byggingarnefndin stödd við sölubúð kaupmanns Þorsteins Jónssonar, sem lét í ljósi að hann hefði í huga að byggja Mezanine-etage á nefndu húsi til íbúðar, hverju nefndin áleit ekkert til fyrirstöðu. Fundi slitið.

V. Finsen D.Knudsen T.Steinsson S.Skaptason Thorstensen Th.Jonassen

Ár 1853, þriðjudaginn hinn 23. ágúst var byggingarnefndin stödd austur á Lækjargötu til þess sankvæmt beiðni timburmanns Ahrenz í bréfi til byggingarnefndarinnar 16 þ.m. að útmæla honum viðbót við lóð hans. Þess ber að geta að til slíkrar útmælingar hefir verið gefið samþykki af kaupmanni C.F. Siemsen, sem hefir fengið lóð útvísuð næst fyrir sunnan Ahrenz, í bréfi dagsettu sama dag. Beiðni timburmanns Ahrenz og bréf Siemsens voru framlögð Nr.1 og 2 og eru svohljóðandi: " "

Timburmaður Ahrenz hefir í huga að byggja viðbót við suðurgafllinn á húsi sínu, líka útbyggingunni sem er við norðurgafllinn og af sömu lengd. Eftir því sem Ahrenz skýrir frá og virðist sankvæmt útmælingunni 30 Juli þá nær lóð sú, sem honum var þá útvísuð 5 álnir suður fyrir gafllinn á húsi hans, eins og það er nú, og þaræð hann verður að hafa gang nokkurn fyrir sunnan húsið, þegar búið er að lengja það, til hvers ekki má ætla minna en 2 álnir, útmældi byggingarnefndin honum þannig 5 álna viðbót við lóð hans suður á við, og eiga af þeim 10 álnum sem hann þannig á ráð á fyrir sunnan húsgafl sinn, 8 álnir að brúkast til útbyggingarinnar og 2

álmir til gangs. Sömmuleiðis var ho num útmælt samsvarandi stykki af lóðinni fyrir vestan húsið, þannig að partur sá sem af lóð þessari verður optir til kálgarðsstæðis handa þeim sem byggir næst fyrir sunnan, verður á breidd $13\frac{1}{2}$ alin, reiknað frá skíðgarði H. Hansens. Sú nú útmælda viðbót við lóðina útvísast timburmanni Ahrenz með sömu skyldum í öllu tilliti sem teknar hafa verið fram í fyrri gjörðum byggingarnefndarinnar um aðallóðina. - Fundi slitið.

V. Finsen D. Knudsen T. Steinsson S. Skaptason

Ár 1853, mánudaginn hinn 29. ágúst var byggingarnefndin stödd hjá Dúkskoti, við bæ Odds Bjarnasonar útaf beiðni frá syni nefnds Odds, Jóni Oddssyni í bréfi dagsettu ígær, um að mega lengja bæ þenna um 6 álmir til vesturs. Nefnt bréf var framlagt svohljóðandi:

Þess ber að geta að þarinn hefir áður náð eins langt vestur og nú er til atlast að hann verði lengdur og þaræð enginn á þar bæ í 10 álina afstöðu frá, útmældi byggingarnefndin honum, samkvæmt ofangreindri beiðni, svæði fyrir vestan gaflinn á bænum, á lengd 6 álmir, á breidd 5 álmir. - Fundi slitið.

V. Finsen Th. Jonassen D. Knudsen T. Steinsson S. Skaptason

Sama ár og dag var byggingarnefndin stödd hjá húsi kaupmanns H. St. Johnsens á Hafnarstræti bæjarins, hvar þá nefndur kaupmaður lét í ljósi, að hann hefði í huga að rífa niður kokkhússkúrinn við íbúðarhús sitt og byggja það aptur í sömu stærð og á sama stað og það er nú, hverju nefndin áleit ekkert geta verið til fyrirstöðu. - Ut supra.

V. Finsen D. Knudsen T. Steinsson S. Skaptason

Ár 1853, þriðjudaginn hinn 30. ágúst var byggingarnefndin tilstaðar við hús stórkaupmanns P. C. Knutzons á Lækjargötu til þess samkvæmt beiðni verzlunarfulltrúa hjá nefndum stórkaupmanni W. Fischer í bréfi 29. þ.m. að útmæla skúrstaði við nefnt hús. Bréf þetta var framlagt svohljóðandi: " "

Eptir að hafa skoðað afstöðurnar lét byggingarnefndin í ljósi, að hún ekki gæti séð því neitt til fyrirstöðu að skúrinn væri

hvar þá eftir beiðni þessa var gefið samþykki til að hann byggi upp móhús milli heykúss þess sem stendur fyrir vestan íbúðarhús hans og hjallsins, sem þar stendur fyrir vestan, svolciðis að öll þessi hús verði samföst og snúa frá austri til vesturs með suðurhliðina útað Túngötu. Móhúsið verður á lengd frá austri til vesturs 7 álnir og 18 þumlungar og á breidd frá norðri til suðurs 7 álnir og 6 þumlungar.

Þess ber að geta, að ofan nefndur hjallur hefir verið fluttur 2 álnum nær nábúalóðinni til vesturs en áður var og eru nú ekki 5 álnir eftir að nefndri lóð, og skuldbindur Conferenzráð Sveinbjörnsson sig til, að því leyti mótmæli skyldi nokkur tíma í þessu tilliti koma fram frá eiganda nábúalóðarinnar, að snúa þá við hjallinum svolciðis að gaffinn sé út að Túngötu. - Fundi slitið.

V. Finsen Th. Jonasson D. Knudsen T. Steinsson
Th. Sveinbjörnsson

Ár 1854, hinn 13. Sept. var byggingarnefndarfundur haldinn hjá bænum Brennu, hvar þá eftir beiðni Guðbrandar Guðnasonar var útmælt honum svæði í holtinu til kálgarðs, austan við bæinn og hinn gamla kálgarð þar, 9 álnir á breidd frá vestri til austurs, reiknað frá austurhliðinni á bænum og fyrra kálgarðinum og 39 álnir frá norðri til suðurs. - Fundi slitið.

V. Finsen T. Steinsson D. Knudsen

Ár 1854, hinn 21. Sept. var af byggingarnefndinni fundur haldinn hjá bænum Holti, hvar þá Páll Magnússon skýrði frá að það veri ætlan sín að lengja eldhús sitt þar um 4 álnir til suðurs og þaræð þetta verður á hans eigin lóð og engin þannur hús nærri, áleit nefndin þessu ekkert til fyrirstöðu. - Fundi slitið.

V. Finsen T. Steinsson D. Knudsen

Ár 1854, hinn 10. Oct. átti byggingarnefndin í Reykjavík fund með sér, eftir fyrirmælum bæjarfógeta, útaf innkomiani klögun frá kaupmanni J. Markusen og snikkara Knudsen yfir því að vegurinn að verzlunarbúð hans stakkstöði (?) og vestur eftir væri lokaður af skipum þeim og bátum, sem sett eru þar upp, og óska hlut-

aðeigendur að á þessu verði ráðin bót.

Nefndin ræddi málið, og kom til þeirrar niðurstöðu, að það væri rétt hermt um lokun vegarins, en sá ekki veg til þess að afstýra þessu vandkvæði með öðrum hætti, en hún þegar í vor á fundi 12. Apr. stakk uppá, viðvíkjandi fyrirkomulagi á stakkstöðunum austur eftir, þarsem með þeim hætti eða tilhögun gæti orðið nægilegt uppsátarsplátz handa tómtúsmönnum bæjarins, og orðið bæt úr frammannefnum umkvörtunum.

Nefndin ályktaði því að eiga við/Stiptamtanninn, það, sem hún á síðastli. vori skrifaði honum um þetta mál og beiddist hans úrskurðar um það, hvort uppástunga nefndarinnar ekki væri sú, sem eftir kringumstöðunum væri hin tiltakilegasta, og að umkvörtun hlutaðeigenda yrði að biða þangaðtil svar Hr. Stiptamtannsins væri komið nefndinni til handa. - Fundi slitið.

V. Finsen Th. Jonassen T. Steinsson D. Knudsen

Ár 1854, fimtudaginn hinn 19. október var byggingarnefndin tilstaðar fyrir sunnan Skálholtstúngarö hjá túni A. Thomsens til þess eftir beiðni prentara Torfa Þorgrímssonar að útmála honum þar svæði til rektunar.

Var þá í þessu skyni útmælt nefndum Torfa Þorgrímssyni svæði næst fyrir norðan stykki það sem hinn 6. Sept. þá var útvísað snikkara Guða. Gunnlögssyni, meðfram garði A. Thomsens, 16 faðmar á lengd frá suðri til norðurs og 13 faðmar frá vestri til austurs, nefnilega frá nefndum garði A. Thomsens uppeftir. Þetta svæði útvisast honum til rektunar afgjaldslausu uppá 25 ár, en frá þeim tíma skal gjalda eftir það leigu til bæjarsjóðs. - Fundi slitið.

V. Finsen T. Steinsson D. Knudsen

Ár 1854, þriðjudaginn hinn 24. okt. var byggingarnefndarfundur haldinn hjá húsum kaupmanns N. Chr. Havsteens, útaf beiðni verzlunarfulltrúa hans S. Benedictsens um að fá leyfi til að byggja 2 pakkhús fyrir norðan og vestan sölubúð Havsteens. Bréf þetta var framlagt svohljóðandi: " ".

Hús þessi eiga bæði að standa norðast á 160 kaupmanns Havsteens og fyrir neðan hana í fjörunni, hvort í rúð með öðru, og eigi þau, sem sjálfsagt virðist, að vera í rúð með hiani nýju

götu, sem rædd var á byggingarnefndarfundum 4. aug. þ.á., þá hljóti þau að standa svo neðarlega eða utarlega, að allt uppsátur á plázinu væri hindrað. Og þaræð nú slíkt uppsátur er einmitt ákilið á nefndri lóð og Stiptantið hefir í bréfum frá 12ta og 20ta þ.m. ákveðið að vísa megi fiskimönnum á uppsátur þar, þótti nefndinni vafasamt, hvort leyfa mætti að byggja á staðnum, og komu nefndarmenn sér því saman um, áður enn útmalt yrði það umrædda byggingarsvæði, að beiðast úrskurðar stiptantsins um, hvort þetta gæti leyft. - Fundi slitið.

V. Finsen T. Steinsson F.A. Nielsen S. Bendictsen S. Skaptason

Aar 1854, Tirsdagen den 7de November blev af Bygningscommissionen afholdt et Møde ved Grosserer P. C. Knudtzons Etablissement paa Byens Strandgade i Anledning af en Requisition fra Grosserer Knudtzons Factor W. Fischer om paa Stakstedet foran bemeldte Etablissement at udmaale til hans Principal Byggeplads for et Pakhuus. Bemeldte Requisition blev fremlagt saalydende: " "

Blev saa i Flugt med Kjøbmand Bierings Pakhuus og lige vestenfor dette i 10 Alens Afstand fra samme paa fornavnte Staksted udmaalt Byggeplads for det paatænkte Pakhuus, 30 Alen fra Øst til Vest og 14 Alen fra Syd til Nord, hvilken Plads blev udvist til Vedkommende, dog med det i Stiftamtets Skrivelse af 25. f.M. foreskrevne Forbehold at, forsaavidt en Deel af Stakstedet maatte blive anvist Byens Fiskere til Opsætningsplads for deres Baade, saa saadan Opsætning ikke forhindres forinden selve Bygningen bliver reist. Denne Udvisning bliver at indstille til Stiftamtets Approbation. Mødet hævet.

V. Finsen D. Knudsen S. Skaptason T. Steinsson Jonassen

Som Reqvirent: W. Fischer

Ár 1854, laugardaginn hinn 18. November var af byggingarnefnd bæjarins fundur haldinn hjá húsinu Nr. 2 í Tjarnargötu, tilheyrandi trésmið O. Gudjohnsen útaf beiðni hans í bréfi frá íger um leyfi til að mega gjöra breytingu á nefndu húsi. Áminnst bréf var framlagt svohljóðandi: " "

Byggingarnefndin kom á staðinn og lét í ljósi, að hún fyrir sitt leyti ekkert sái því til fyrirstöðu að hann gjörði

þá umbeðnu breytingu á húsinu, nefnilega að vesturendinn sé rifinn og að bygður sé aptur timburgafl og timburhlið að sunnanverðu á sama enda, og að þerinn sé lengdur vestur eptir um 4 álnir. Fundi slitið.

V.Finsen Th.Jonassen S.Skaptason D.Knudsen

Ár 1855, miðvikudaginn hinn 4. apríl var af byggingarnefndinni fundur haldinn, hvar þá, eptir beiðni lífsala A. Randrups, var leyft nefndum lífsala að byggja qvistetage ofan á hús sitt og að leggja á það hellupak. Þó ber að útvega hértill amtsins samþykki. - Fundi slitið.

V.Finsen F.A.Nielsen T.Steinsson D.Jónatansson S.Skaptason

Ár 1855, miðvikudaginn hinn 18. apríl var af byggingarnefnd Reykjavíkurbæjar fundur haldinn í tilefni af beiðni beikis P. C. Toftes um leyfi til að mega byggja íveruhús í kálgarðinum við hús skósmiðs Billenbergs, Vallarstræti Nr.1. Bréf beikis Toftes hérur, dagsett íger var framlagt svohljóðandi: " "

Þess ber að geta, að beikinn Tofte hefir fyrir bæjarfógetanum sannað að hann með afsalsbréfi, útgefnu af nefndum Billenberg hefir eignast þann part ~~ká~~ af kálgarðinum, hvar hann nú ætlar að byggja.

Nefndinni kom saman um að atvinnuvegur Toftes gæti ekki talist meðal þeirra sem höttulegir væru með tilliti til eldsvoða og að ekkert þannig í þessu tilliti gæti verið því umrædda fyrirtæki til hindrunar.

Beikur Tofte skýrði frá að hann ætlaði að setja húsið - sem eptir bréfinu á að vera 12 álnir á lengd og 12 álnir á breidd - í norðausturhorni kálgarðsins, í línu með Billenbergs húsi og hánum öðrum húsum í götunni. Ámillum hornsins á nefndum kálgarði og geymsluhúss stórkaupmanns P. C. Knudtzons þar næst fyrir austan eru 11 álnir. Af kálgarðinum á Tofte eptir afsalsbréfinu 21 alin frá austri til vesturs, reiknað frá austurhorninu.

Nefndin lét í ljósi að hún eptir þessum kringumstæðum ekkert gæti fundið til fyrirstöðu þeirri umræddu byggingu með því tilskildu, að Facade hússins á að vera út að Austurgötu og því tilskildu, að Facade hússins út til garðs - að kokkhús eður verkamiðjudyrnar sé á gaflum hússins út til garðsrúmsins. Að því leyti hann kann að setja á húsið kvist að Reykjavíkur

Mansard-etage, hefir nefndin ekkert þar við að athuga.

Loksins fór Tofte fram á að sér yrði útvísað nokkuð af því plázi sem er milli lóðar hans og geymsluhúss stórkaupmanns P.C. Knudtzons og þaræð nefndin varð að álíta að gatan og Austurvöllur yrði faglegri ef áminnst plás yrði umgirt, og ekkert að öðru leyti fannst að vera því til fyrirstöðu í eldri útmelingum, voru ~~kvæmt~~ beiki Tofte samkvamt þessu útmeldar 6 álnir frá austri til vesturs af plázinu, reiknað frá austurhlíð kálgarðsins, en 25 álnir frá norðri til suðurs, nefnilega til suðurhlíðarinnar á kálgarðinum; þar 5 álnir sem þá verða eptir næst geymsluhúsi Knudtzons, standa þá Knudtson til boða, ef hann skyldi vilja umgírða þar. - Ofan nefnt stykki útvísast beiki Tofte með þeim skilmála, að hann sé búinn að umgírða það innan 2gja ára. - Fundi slitið.

V.Finsen T.Steinsson D.Jónatansson S.Skaptason F.A.Nielsen
Som Requirant: P.C.Tofte.

Ár 1855, miðvikudaginn hinn 2. Maí var byggingarnefndin tilstaðar hjá Grímsstöðum til þess eptir beiðni tómtúsmanns Harðar Jónssonar frá Bráðræði í bréfi 12. mars þ.á. framlögðu svohljóðandi: " " að útvísa nefndum Herði byggingarstöði.

Fyrir hönd Harðar var viðstaddur jánsmiður Teitur Fianbogason, sem lét í ljósi að hann óskaði að fá útvísað bæði stæði til að byggja sér bæ svo og sveði til rektunar.

Þaræð nefndinni ekki er kunnugt að ofan nefndur Hörður hafi nokkur tíma fengið leyfi til tómtúsmennsku hér í umdæminu, áleit hún rétt að fresta útmelingunni þangað til hann væri búinn að útvega sér slíkt leyfi. - Fundi slitið.

V.Finsen D.Jónatansson T.Steinsson S.Skaptason

Sama ár og dag var byggingarnefndin tilstaðar hjá Grímsstöðum, hvar þá eptir þartil gefnu tilefni var fyrirtekið að mæla upp táblettinn við nefndan bæ, sem útmeldur var 30. apríl 1842, en sem grunur er um að sé stærri en útmeling er til.

Eptir útmelingunni 30. apríl 1842 á land það sem Grími heitnaum Egilssyni var þá útvísað og hvaz ~~kvæmt~~ hann síðar

byggði bæinn Grímsstaði, að vera frá Norðri til Suður 40 faðma og frá austri til vesturs (til sjóar) 46 faðma.

Við uppmælinguna fannst bletturinn að vera frá austri til vesturs 43 faðmar nefnilega að meðra hlið túngarðsins, en þar fyrir meðan niður að sjónum er töluvert stykki, undir 20 faðmar. En frá norðri til suðurs reyndist bletturinn að vera 55 faðmar og það auki nær bletturinn að sunnanverðu of langt til austurs, nefnilega á aðra hliðina um 65 álnir og á hina um 25 álnir, og verður optir þessu það stykki sem er framyfir útmælinguna, 83 álnir frá norðri til suðurs að vestan, en 80 að austan, en frá vestri til austurs að sunnanverðu 25 álnir, en að norðanverðu 65 álnir, fyrir utan 15 faðma breiða spildu sunnanmegin, sem gengur í odd vestureptir. - Fundi slitið.

V. Finsen D. Jónatansson T. Steinsson S. Skaptason

Ár 1855, laugardeginn hinn 12. maí var fundur haldinn af byggingarnefndinni nálægt alfaraveginum fyrir austan bæ Lárusar Gunnarssonar, útaf beiðni Ólafs Ólafssonar tórnámsmeanns frá Steinstöðum um að sér yrði þar útvísað staði fyrir bæ og kálgarð.

Samkvæmt þessu útvísandi byggingarnefndin honum bæjarstaði fyrir sunnan nefndan alfaraveg, vesturundan Laugarnessvegarmótunum, 20 álnir frá austri til vesturs og 36 álnir frá norðri til suðurs, reiknað 5 álnir frá alfaraveginum, því bærinn á að vera í stefnu með Lárusar Gunnarssonar bæ og verður norðurhlið bæjarins þá hórumbil 5 álnir frá alfaraveginum. - Fundi slitið.

V. Finsen D. Jónatansson S. Skaptason T. Steinsson

Sama ár og dag var byggingarnefndin tiletadar á Austurvelli, í tilefni af beiðni járnsmiðs Teits Finnbogasonar um að sér yrði þar útmælt húss- og kálgarðsstaði í bréfi dagsettu í dag, framlögðu svohljóðandi: " "

Byggingarnefndin lét í ljósi að með tilliti til útvísunar þessarar yrði að fara optir reglum þeim um nýja götu á Austurvelli, sem ákveðnar voru af byggingarnefndinni í gjörð hennar 30. Júní 1853 og samþykktar voru af Stiptamtíu 6. aug. s.á., og voru honum samkvæmt þessu útmældar frá austurendanum á nefndri

húsaröð - í stefnu með austurgafflinum á húsi Mdm. Möllers - 35 á - þrjátíu og fimm álnir - til vesturs, en frá norðri til suðurs verður breiddin 20 álnir samkvæmt ofanefndum reglum, og er þess að geta að byggingarnefndin getur ekki fundið því neitt til fyrirstöðu, eptir ósk hlutaðeiganda, að byrjað sé að byggja frá austurendanum á þessari tilsetluðu húsaröð. Húsið á að vera á lengd frá suðrtil vesturs 16 álnir, en breidd 12 álnir. - Fundi slitið.

V.Finsen D.Jónatansson S.Skaptason T.Steinsson

Ár 1855, laugardaginn hinn 18. maí var af byggingarnefndinni fundur haldinn hjá Stöðlakoti útaf beiðni bónda Jóns Árnasonar þar um leyfi til að mega byggja sér hjall.

Nefndin áleit réttast að hjallur þessi, sem á að vera 6 álnir á lengd og 5 álnir á breiddverði settur í horni því norðaustan við bæ Jóns Árnasonar sem myndast af kálgorðum hans fyrir austan og norðan Stöðlakotsbæina; og þaræð Jón Árnason var ánægður með þessa tilhögun, var honum útmælt ofanefnt horn sem reyndar er partur af Stöðlakotstúnum, en sem er gagnslítið, þar mómolð hefir dottið þar niðri frá móhlaða sem stendur inn í kálgarðinum. Hjallurinn á að vera í línu með austurhlið kálgarðsins og er stykki það sem honum hértill útvisast 5 álnir frá suðri til norðurs, og 8 álnir frá austri til vesturs. - Fundi slitið.

V. Finsen D.Jónatansson T.Steinsson Jón Árnason F.A.Nielsen
S.Skaptason

Sama ár og dag var byggingarnefndin tilstaðar í kálgarði Einars verzlunarþjóns Sæmundssonar, hvar þá eptir beiðni tómt húsmanns Jóns Ólafssonar í bréfi, dagsettu þ.m. framlögðu svehljóðandi: " var leyft áminnstum Jóni Ólafssyni að setja með samþykki Einars Sæmundssonar sem var vidstaddur hjall, sem Jón Ólafsson hefir keypt, 8 álnir á lengd og 5 álnir á breidd, í suðausturenda ofnanefnads kálgarðs. - Fundi slitið.

V.Finsen F.A.Nielsen D.Jónatansson T.Steinsson S.Skaptason

Ár 1855, mánudaginn hinn 11. júní var byggingarnefndarfundur haldinn hjá húsi timburmanns Arens á Lækjargötu, í tilefni

af beiðni hans um að mega fá viðbætta við lóð sína gryfju þá, sem af bæjarstjórninni hefir verið grafin fyrir sunnan lóð hans.

Þaræð timburmaður Arenz ekki hefir nema 2 álnir fyrir sunnan íbúðarhús sitt, og þaræð ofannefnd gryfja að líkindum verður fyr uppfyllt, ef hún kemst í eiga einstaks manns, heldur en ef hún verður eiga bæjarins einsog nú, áleit byggingarnefndin að ástæða væri til að veita hið umbeðna, og var honum þar útvísuð viðbót við lóð hans fyrir sunnan jafnlangt honni frá austri til vesturs, nefnilega 56 álnir, en frá norðri til suðurs 10 álnir, að austanverðu, og 13¹/₂ að vestanverðu, nefnilega að kálgarðs-skiðgarði H. Hansens sem ræður stefnunni austur optir. Þessi útmæling var gjörð með því skilyrði, að Arenz lofar að fylla upp gryfjuna, svo fljótt sem hann getur, og að setja og viðhalda skiðgarði fyrir framan þá viðbættu lóð með læknum; loksins er þess að geta að Arenz verður að þola að á lóðinni fyrir sunnan lóð hans verði byggt strax þarsam lóð hans hettir og má hann því ekki byggja á plázi því sem honum er útmælt fyrir sunnan íbúðarhúsið, svo mögilegt plás verði milli húsanna, þegar einhver fer að byggja fyrir sunnan hann. - Fundi slitið.

V.Finsen T.Steinsson S.Skaptason Þ.Jónatansson I. Ahrenz

Samu ári og dag var fundur haldinn af byggingarnefndinni upp hjá Stöðlakoti útaf beiðni bónda Jóas Áraasonar þar um að mega færa nokkuð út kálgarðinn að neðanverðu til að gjöra hann jafnbreiddan í bæði horn. Bréf þetta var framlagt svohljóðandi: " "

Þar breyting sú sem þannig er farið fram á, hlýtur að lagfæra útsjón garðsins, veitti nefndin honum samþykki sitt til að hann samkvæmt bréfinu færi út garðina að sunnanverðu um 6 álnir og að norðanverðu um 1 alin; þess ber að geta að það útvísaða plás er ónýt svo túmið hefir engan skaða af þessari útvisun. Fundi slitið.

V.Finsen T.Steinsson S.Skaptason Þ.Jónatansson

Ári 1855, Frédeggen den 10. August blev af Bygnings-commissionen afholdt et Møde ved Eiendommen Nr.12 i Aðalstræti, i Anledning af Anmeldelse fra Kjøbmand R. T. Tørgesen i Skrivelse af 7. dennes om at det er hans Agt istedetfor det nu nedrevne

Vaanningshuus paa bemeldte Grund, den saakaldte Sunchenberske Kra-
bod at opføre en ny toetages Muur- og Bindingsværks Bygning 20 Alen
lang og 12 Al. bred. Bemeldte Skrivelse blev fremlagt saalydende: "

Bygningscommissionen indfandt sig paa det ommeldte Sted
og da den nye Bygning vil blive opført paa samme Grund som det
tidligere der staaende Huus, blot med den Forsiel at det bliver 2
Alen længere mod Nord og 1/2 Alen bredere mod Vest, fandt samme int-
et med Opførelsen af den omhandlede Bygning at erindre. Mødet høvet.

V.Finsen D.Jónatansson F.A.Nielsen T.Steinsson Th.Jonassen

Ár 1855 hinn 28. Aug. (dagurinn fyrir höfuðdag) átti
bygg.nefndin fund ~~með~~ hjá húsi kaupmanns hr. Th. Johnsens í
Reykjavík, sem hefur beðið um að bygg.nefndin vildi lýta á fyrir-
komulag skúrs, sem hann ætlar að byggja við innganginn í krambúð
sína, hérumbil 6 álna lánan og 4 álna breiðan, þannig að gengið
sé inn í hann frá götunni og aðrar dyr á skúrum, út í garðinn að
pakkhúsinu.

Bygg.nefndin áleit að ekkert geti verið þess^{ari} þannig
áforuguðu skúrbyggingu til fyrirstöðu og samþykkti hana því í
einu hljóði. - Fundi slitið.

V.Finsen Th.Jonassen D.Jónatansson T.Steinsson S.Skaptason
F.A.Nielsen

Sama ár og dag var byggingarnefndin tilstaðar hjá þæ
prentarasveins Torfa Þorgrímssonar í Þingholtum, hvar þá eptir
beiðni nefnds Torfa í bréfi dagsettu 20.p.m., framlögðu svohljóð-
andi: " var af nefndinni gefið samþykki til að hann mætti í suður
frá þæ hans á lóð sinni byggja hjall, að lengd 6 álnir, að breidd
4 álnir. Fundi slitið.

V.Finsen Th.Jonassen D.Jónatansson T.Steinsson F.A.Nielsen

Ár 1855, mánudaginn hinn 15. okt. var af byggingarnefnd-
inni fundur haldinn í holtinu fyrir norðan Skólavörðustíg til þess
eptir beiðni Þorláks tórnásmanns Péturssonar að mæla honum út
þegarstöði og svæði til ræktunar.

Áminnstur Þorlákur Pétursson var viðstaddur og kvaðst hafa beðist útvísunar þessarar af því hann hefði selt sinn bæ, sem stendur sunnan Skólavörðustígsins.

Var svo samkvæmt ósk Þ. Péturssonar útmælt honum svæði á holtinu fyrir norðan skólavörðuvegin á móts við blett þann sem fylgir bæ þeim, sem Þorlákur hefir átt hinumegin við stíginn, frá suðri til norðurs 60 álnir og frá vestri til austurs 120 álnir; svæði þetta á að liggja parallelt með skólavörðuveginum í 6 álna fjarlægð frá honum, og nær neðri eða vestri endinn á stykki þessu hérumbil á móts við vestari endann á ofanefndum bletti sem Þorlákur Pétursson hefir áður átt. Á miðjum bletti þeim sem þannig er útvísaður, í útaorður eða norður frá bæ þeim sem Þorlákur áður hefir átt, á nýi bærinn sem hann ætlar að byggja að standa og verður hann 12 álnir á lengd og 12 álnir á breidd; kálgarðsstæði var ákveðið fyrir vestan bæinn 30 álnir í hvert horn; bærinn á að snúa út að skólavörðuveginum, í 6 álna fjarlægð frá honum. Ofanefnt svæði - að undanteknu bæjar- og kálgarðsstæðinu - útvísast með þeim skilmálum að það á að umgírðast og ræktast upp og fellur til kaupstaðarins aptur að 25 árum liðnum, eða áður en nefnt tímabil er liðið, ef Þorlákur Pétursson vikir áður frá blettinum eða hættir að nota hann og undirgekkst hann skilmála þessa. Loksins fann byggingarnefndin ástæðu til að skjóta því til Amtans, hvort ekki ætti að ákveða lóðartoll nokkurn fyrir bæ þennan, t.a.m. 1 - 2 rd. og þannig að þessari reglu yrði fylgt við aðrar útvísanir eptirleiðis, en hvað þó áleitst fremur að viðkoma bæjarstjórninni, og fellst Þorlákur á að greiða slíkan lóðartoll, ef hann yrði ákveðinn sér. Fundi slitið.

V.Finsen Þ.Jónatansson T.Steinsson Þ.Pétursson Th.Jonassen

Sama ár og dag var byggingarnefndin tilstaðar hjá bæ Guðbrandar Guðnasonar í Brennu, hvar þá nefndum Guðbrandi var útvísuð viðbót við kálgarð hans. 21 alin frá gamla kálgarðinum til suðurs og frá austri til vesturs, jafnbreitt kálgarðinum 23 álnir. Fundi slitið.

V.Finsen Þ.Jónatansson T.Steinsson Th.Jonassen

Ár 1855, mánudaginn hinn 26. november var af byggingarnefndinni fundur haldinn hjá skólavörðuveginum fyrir norðan Berg-
 © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

staði, hver þá eptir beiðni Jóns Jónssonar prentara í bréfi 21. þ. m., framlögðu svohljóðandi: " var útmælt téðum J. Jónssyni bæjar- og kálgarðstaði í 5 álna fjarlægð frá slóðavörðuveginum og fyrir sunnan hann á lengd frá suðaustri til norðvesturs 83 álnir, en hjórra eptir því sem lengra er frá veginum, og takmarkað á allar hinar hliðarnar af gördum þeirra Guðmundar Jónssonar á Bergstöðum og Jóns Árnasynar og Gríms Melbys í Þinghúltum. Þarinn á að standa í 5 álna fjarlægð frá veginum í norðausturhorni svæðisins og verður þarinn hérumbil 11 álnir á lengd og 8 álnir á breidd. Fundi slitið, V. Finsen Þ. Jónatansson T. Steinsson F. A. Nielsen Th. Jonassen

Ár 1855, mánudaginn hinn 26. november var Reykjavíkurbæjar byggingarnefnd tilstaðar hjá þeim, sem Ólafur Ólafsson samkvæmt útvísun frá 12. maí þ. á. hefir bygt fyrir sunnan alfaraveginna. Lóð hans eptir téðri útvísun er 36 álnir frá norðri til suðurs og 20 álnir frá vestri til austurs, reiknað frá stéttinni, sem hann nú hefir sett fyrir framan bæjardyr sínar. Í viðbót hérvið var honum eptir beiðni hans í bréfi 6. þ. m. útmælt sem kálgarðsstaði 40 álnir frá vestri til austurs að sunnanverðu, en að norðanverðu gengur viðbót þessi jafnsíðis alfaraveginum á hverjum hór eru bugður, og í 5 álna fjarlægð frá téðum vegi. Samkvæmt þessu verður þá lengd lóðar þeirrar sem Ólafur Ólafsson fær umráð yfir, 60 álnir frá vestri til austurs að sunnanverðu, en að norðan skerst nokkuð af vegna bugðunnar. - Fundi slitið.

V. Finsen Þ. Jónatansson T. Steinsson Th. Jonassen F. A. Nielsen

Ár 1856, miðvikudaginn hinn 20. Febrúar hélt byggingarnefndin fund til þess að aðgæta, hvort ýms hús, sem útvísuð hafa verið um síðastliðinn árstíma, séu byggð samkvæmt útvísununum. Reyndist þá að eptirnefnd hús voru að stærð sem fylgir:

1. skír hjá húsi lögfræðings J. Guðmundssonar, samkvæmt byggingarnefndargjörð 20. júní 1854, reyndist: 5 álnir á breidd, 11 álnir 9' á lengd.
2. hús hjá íbúðarhúsi söðlasmiðs T. Steinsens, samkvæmt gjörð nefndarinnar 6. sept. 1854; það mældist á annan veginn 6 álnir 21', á hinn veginn 7 al. 10¹/₂ :
3. Viðbót við hús snikkara O. Guðjohnsens, samkv. gjörð 18.

novbr. 1854, reyndist 4 álnir á lengd, breiddin einsegg á hinum parti hússins.

4. hús beikis Toftes, samkv. útvísun 18. apríl 1855; reyndist 12 álnir á lengd, 12 álnir á breidd.
5. hús kaupmanns Torgesens, myndkast samkv. útvísun 10. ágúst 1855, reyndist 20 álnir á lengd, 12 á breidd.
6. skúr hjá kaupmanni Th. Jóhansen, samkv. útvísun frá 28. ágúst 1855, reyndist á annan veginn 4 al. 16', á hinn veginn 6 al. 1'. -

Á fundi þessum mættu í fyrsta sinni hinir nýkosnu meðlámir Assessor J. Pjetursson (kosinn í stað Th. Jonassens) og Jón Þórðarson (í stað Sk. Skaptasonar)

Fundi slitið.

V.Finsen T.Steinsson F.A.Nielsen D.Jónatansson J.Þórðarson

Jón Pjetursson

Ár 1856, föstudaginn hinn 4. apríl var af byggingaræfndinni haldinn fundur á Tjarnargötu, hvar þá samkvæmt ósk kaupmannanna E. Siemsens, M. W. Bierings og Th. Johansens í bréfi 2. þ.m. framlögðu svebljóðandi: " var leyft téðum mönnum að byggja skúr upp við norðurhlíðina á hinum svenefnda gamla gildaskála, útað Tjarnargötu, að breidd 3 álnir frá suðri til norðurs, að lengd 5 álnir.

Ahrærandi skilgarð þann, sem í bréfinu er um getið, þá er hann nú nokkru innar en svarar stefnu götunnar og fellet byggingaræfndin á að hann væri færður út svo hann verði í stefnu með húsunum í götunni. Útfærsla þessi verður í suðurendanum hérumbil ½ alin, í norðurendanum 3 álnir. - Fundi slitið.

V.Finsen T.Steinsson J.Þórðarson Jón Pjetursson

Sama ár og dag var af byggingaræfndinni fundur haldinn á holtinu hjá húsi Friðriks bókhaldersa Gíslasonar, hvar þá samkvæmt ósk téðs Fr. Gíslasonar í bréfi 3. þ.m., framlögðu svolátandi: " var útmálað honum viðbót við kálgarð hans. Viðbót þessi verður 10 álnir frá landsuðrhorninu á gamla garðinum og 9 álnir frá útnorð-álnir frá landsuðrhorninu á sama; frá útsuðri til landnorðurs 50 álnir, frá útnorðri til landsuðurs 37 álnir. - Fundi slitið.

V.Finsen T.Steinsson J.Þórðarson Jón Pjetursson E.Gíslason

Aar 1856, Torsdagen den 10. April blev af Reykjavik Kjøb-
stads Bygningsscommission afholdt Møde ved Bødkermester P. C. Toftes
Hus paa Austurstræti, i Anledning af at bemeldte Tofte har uden
forud iadhentet Santykke fra Bygningsscommissionen ved Nordvest-
hjørnet af bemeldte sit Hus og i Flugt med sammes Nordside, ud
til Austurstræti opsat et Locum, i hvilken Anledning Byfogden har
attraaet at modtage Bygningsscommissionens Erklæring i Henhold til
Placaten af 29. Mai 1839, 33 Litr.E om hvorvidt bemeldte Locum er
opført efter de Regler, som Commissionen finder at derved burde
have været iagttagne.

Af Bygningsscommissionens Medlemmer vare foruden Byfogden,
mødte Tømmermester Nielsen, Assessor J. Pjetursson og Sadelmager-
mester T. Steinsson.

Bygningsscommissionens tilstedeværende Medlemmer yttrede
eenstemmig den Anskuelse, at det Sted hvor det ommeldte Locum er
stillet, nemlig ud til en meget befærdet Gade, er højst upassende
og stødende, og at Commissionen derfor ikke vilde have givet sit
Santykke til dets Anbringelse paa dette Sted, idet man ialfald
ville have fordret at det var blevet sat ved det andet Hjørne ved
den Side af Huset, der vender ud til Austurvöllur og navnlig med
Plaakeværk eller Stækkit foran, der havde dækket det fra Gaden.
Mødet hævet.

V. Pinsen F.A. Nielsen T. Steinsson Jón Pjetursson

Ár 1856, fimtudaginn hinn 24. apríl var af byggingarnefada-
inni fundur haldinn hjá þeim þeim Bergarabæ og Háketi til þess, sam-
kvæmt tilofni því sem þegarstjórnin þartil hefir gefið að athuga,
hvernaig haganlegast verði að leggja götu upp með töðum þeim.
Nefninn virtist í þessu tilliti tiltækilegast og laglegast, að
gata sú sem er milli húsa kaupmanns S. Jacobsens og kaupmanns R.P.
Torgesen, kölluð Göthúsastígur, verði lengd uppeftir gegnum kál-
garðinn við Bergarabæ í beiðni línu, jafnbreið og gatan er að neð-
an næst Aðalstræti. Svo gata þessi verði bein þarf að flytja inn
timburhjallinn við Bergarabæ um 2 álnir, einsog líka brunnurinn,
sem þar fyrir nokkrum árum var grafinn á kostnað þegarjóða, en
sem hefir reynt að engum notum er í vegi fyrir götuann og virð-
ist réttast að taka af brunna þenna að öllu leyti og fylla hann upp.
Helsti kostnaður við götu þessa er sá að ekkjan Vilborg Jónsdóttir

í Borgarabæ missir þarvið miðpartinn af kálgarði sínum, sem þarf að endurgjalda henni. Vegna téðrar ekkju var viðstaddur lögverji hennar Lögfræðingur J. Guðmundsson og optir að nefndin hafði látið í ljósi, að henni virtist hæfilegt að téðri ekkju veri í endurgjald fyrir þetta kálgarðsstykki greiddur úr bæjarsjóði 25 rdl., og henni að auk gefið loforð fyrir, þegar gatan yrði lögð, að fá útvísað sveðið frá kálgarðinum ofan að Torgesens pakkhúsi Öðrumegja götunnar og hinumegja götunnar allt það pláz sem þar er og ekki tilheyrir Öðrum, þar á meðal plázið milli kálgarðsins að sunnanverður og Brekkubæjar (Einars Samundssonar), sem þegar nýja gatan er búin, má lokast að öllu leyti, svo og með því skilyrði, að bæjarstjórnin á sinn kostnað flytji inn ofanefndan hjall og girði kálgarðinn á báðar hliðar við vegina. Þá tjáði téður lögfræðingur J. Guðmundsson sig að öllu leyti ánægðan ekkjunnar vegna með þessa skilmála og gekk að þeim í alla staði. Kálgarðsstykkið sem ekkjan missir er 20 álnir frá austri til vesturs, optir lengd götunnar, en á breidd 7 álnir fyrir utan garðana. Öll gatan frá vestasta pakkhúsi S. Jacobsens og uppeptir verður 54 álnir, en breiddin einsog þegar sagt 7 $\frac{1}{4}$ alin. Fundi slitið.

V.Finsen P.A.Nielsen T.Steinsson Þ.Jónatansson J.Þórðarson
Jón Pjetursson viðstaddur: Jón Guðmundsson

Sama ár og dag hélt byggingarnefndin fund hjé bænum Smiðjuholti, tilheyrandi Lárusi smið Gunnarsyni, kvar þá tóðum L. Gunnarsyni var loyft að byggja skemmu, 11 álnir á lengð, 8 álnir á breidd, í stefnu með vestrhlið hjallsins og bæjarins og á skemman að snúa í austur og vestur, þilið og dyrnar móti vestri. Skemman verður fyrir sunnan ofanefndan hjall. - Fundi slitið.

V.Finsen T.Steinsson Þ.Jónatansson J.Þórðarson Jón Pjetursson
P.A.Nielsen

Ár 1856, Torsdagea den 8. Mai blev af Bygningscommis- sionen afholdt Møde paa Byfogedcontoiret, i Anledning af en Skrivelse fra Stiftamtet til Byfogden i Reykjavik af 28. f.M., hvorved Bødkermester P.C.Tofte er givet Tilsaga om at Sag i Anledning af det af ham uden Tilladelse opsatte Locum kan bortfalde, imed at Tofte efter Bygningscommissionens Bestemmelse enten bortflytter det ommeldte Locum eller dækker samme ved et Skur eller Plankeværk mod Nord. - Samtlige Bygningscommisitionerne ~~afsted~~ ^{medlemmer} vare ~~tilstede~~ ^{tilstede}.
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

útmalda plázi, aftekst og lét bæjarfógetinn í ljósi að hlutaðeigendur yrðu héreptir að bera ösku sína upp í holt. Fundi slitið.

V.Finsen J. Þórðarson Jón Pjetursson T. Steinsson

Sama ár og dag var af byggingarnefndinni fundur haldinn hjá húsi verzlunarfulltrúa Snøbjarner Benedictsens á Gøthúsastíg, hvor þá eptir beiðni hans í brófi dagsettu 7. þ.m. framlögðu svólétandi: " var leyft honum að lengja hús sitt norður á við um 6 álnir og verður breiddin á viðbatinum einn og á húsínu, nefnilega 8½ alin. Viðbatirinn verður á lóð þeirri sem Factor S. Benedictsen á sjálfur og eru engin hús eða bæjir þar í-grend, einn og eigandi náðalóðarinnar Þorkell Eislason í Araba hefir til þessarar byggingar gefið samþykki sitt. - Fundi slitið.

V.Finsen J. Þórðarson Jón Pjetursson T. Steinsson Þ. Gíslason
(handsalaði nafnið)

Ár 1856, fimtugdaginn hinn 22. maí var byggingarnefndin tilstaðar hjá bæ ekkjunnar Valgerðar Björnsdóttur, er Sigríður Jónsdóttir hefir áður átt í Ingólfsbrekku, hvor þá eptir ósk tóðrar Valgerðar Björnsdóttur var leyft henni að færa út bæ hennar til vesturs um 2½ alin, þannig að hann náði jafnlangt fram og hinir bæirnir í húsaröðinni, sem verður mikið til þryðis hjá því sem nú er, þar sem þarinn stendur nú ekki í línu með hinum bæjunum.

Jafnframt var mald lóð þarinn fyrir ofan eða austan götuna að inniföldu þarinnstæðinu sjálfu, einn og það verður með þeirri ofangreindu breytingu, og maldist hún 28 álnir frá vestri til austurs og 8 álnir frá norðri til suðurs. Auk þessa fylgir bænum kálgarður fyrir vestan götuna. Fundi slitið.

V.Finsen F.A. Nielsen T. Steinsson J. Þórðarson

Ár 1856, miðvikudaginn hinn 4. Júní var Reykjavíkur bæjar byggingarnefnd tilstaðar hjá bæ Guðmundar snikkara Gunnlögssonar í Ingólfsbrekku, útaf beiðni hans dagsettri 28. þ.m. um að fá út-vísaða lóð til að byggja viðauka við bæ hans þar.

Tóður Guðmundur Gunnlögsson var tilstaðar og lét í ljósi að viðauki þessi ætti að vera fyrir framan eða vestan bæ hans og er

þess að geta að bærinn stendur nú fyrir innan bæjarröðina og þétt upp að bæ Valgerðar Bjarnardóttur, sem á fundi nefndarinnar 22.f.m. fékk leyfi til að fara út bæ sinn jafnt bæjarröðinni. Tóð Valgerður Bjarnsdóttir hefir nú byrjað bæjarbyggingu þessa og hefir hún stlað sve til að gluggarnir á bænum snúu út að því plázi, þar sem Guðm. Gunnlögsson stlar nú að byggja viðauka við bæ sinn.

Þaræð þannig er ómögulegt að G. Gunnlögsson geti byggt nema með því móti að breyting verði gjörð á bæ Valgerðar þannig að gluggarnir verði látnir snúa út til götunnar eða vesturs, var kallaður til lögverji okkjunnar Valgerðar Bjarnsdóttur. snikkari, fyrverandi bæjarfalltráði Helgi Jónsson, og gjörðist milli hans og Guðm. Gunnlögssonar það samkomulag, að Valg. Bjarnsdóttir breytti bæ sínum á hina ofanumgetna máta, á móti því að G. Gunnlögsson borgi 3 rdl. af kostnaðinum þarvið og hafi tilgjóa með aðgjörðinni.

Þvínaest var G. Gunnlögssyni útmæld lóð fyrir framman núverandi bæjardyr hans, til þess að setja þar viðauka þann við bæ hans, er hann hefir áformað að byggja. Verður viðauki þessi 6 álnir á lengd frá norðri til suðurs og 5½ alin frá austri til vesturs, dyrnar eiga að snúa til vesturs eða út til götunnar, gluggarnir til suðurs á gaflinum og er þar enginn bær rétt hjá. Viðaukinu á að vera í fullkominni stefnu með hinum öðrum bæjum í sömu húsaröð. Fundi slitið.

V.Finsen F.A.Nielsen Þ.Jónatansson T.Steinsson J.Þórðarson

H. Jónsson G. Gunnlögsson

Aer 1856, Ónsdagon den 18. Juni blev af Reykjavik Kjøbstedes Bygningscommission afholdt Møde ved Bødkermester P.C. Toftes Hus, i Anledning af en fra ham indkommen Begjering om at en Forandring maatte blive gjort i de af Stiftamtet efter Bygningscommissionens Forslag gjorte Bestemmelse angaaende Anbringelsen af det af bemeldte ~~fxite~~ Bødker Tofte ved hans Hus opsatte Locum. Fornævnte Begjering dateret igaar blev fremlagt.

Af Bygningscommissionens Medlemmer vare foruden Byfogden mødte Sadelmagermester T. Steinsen og Kjøbmand Th. Jonatansson. Derimod vare de övrige Medlemmer, Tømmermester F.A.Nielsen, Assessor J. Pjetursson og Tomthusmand J. Thordarson ikke mødte, de 2de förstnævnte efter anmeldt Forfald.

Bødkermester Tofte var tilstede.

Efter Omständighederne fandt Flertallet af Commissionen

æmlig Sadelmagermester T. Steinsen og Kjöbmand Th. Jónatansson, at burde andrage hos Stiftamtet paa en saadan Forandring af de foranførte af Amtet efter Commissionens Indstilling foreskrevne Bestemmelser, et det omhandlede Locum i Overensstemmelse med Toftes Forslag vedblivende hensattes midt paa Vestgavlen af Huset, imod at et af Bødker Tofte paatænkt Stakit opføres baade mod Syd og Nord, hvorved Grunden indhegnes af $1 \frac{3}{4}$ Hvide, og bemærkede de, at Locumetsaaledes vilde blive tilstrækkelig fraskilt fra Gaaden paa begge Sider, ligesom en Hensættelse ved det sydlige Hjørne af Gavlen ikke findes at være at foretrække, da Anbringelsen paa dette Sted vilde medføre at Locummet var mere udsat for Solen.

Byfogden kunde ikke bifalde det af Commissionen saaledes tagne Beslutning, idet han vel ikke vil modsætte sig at der gjøres Indstilling til Stiftamtet angaaende en Forandring i den af Amtet givne Bestemmelse, men saa antage at naar Locummet skulde vedblivende hensattes ved Huset's Gavl, uden at et højt Plankeværk opføres foran det, bør ialfald Døren til Locummet ikke vende hverken ud til Austurstræti eller Austurvöllur, men derimod imod Vest til Nabo-grunden under hvilken Forudsætning kun han bifalder Bødkermester Toftes Forslag. Mødet hævet.

V.Finsen T.Steinsson D.Jónatansson P.C.Tofte

Ár 1856, laugardeginn hinn 2. ágúst var byggingarnefndám tilstaðar hjó húsinu Nr.11 á Austurstræti, hvert hús áður tilheyrði beiði Tofte, en sem Decent H. Arnason nú er orðinn eigandi að, hvar þá tálsum Decent Arnason optir beiðni hans var leyft að byggja móskúr við vesturgafflann á húsinu, jafnbreiddin húsinu, nefnilega 12 álnir, og á lengd vestureptir 8 álnir. Þess ber að geta að Decent H. Arnason á ekki lóð fyrir vestan hústið sitt neiri en 11 álnir, en snikkari O. Gudjohnsen, sem á náðalóðina var viðstaddur, samþykkti að skúrinn væri byggður á ofanskriðan hátt og að nefndar 8 álnir mottu af honum notast til byggingar, þó þarvið eigi verði meira en 3 álnir optir að lóð Gudjohnsens. Dyrnar á skúrnum eiga að snúa til vesturs og gluggar tveir út að Austurstræti. - Fundi slitið.

V.Finsen T.Steinsson D.Jónatansson H.Arnason O.Gudjohnsen

Ár 1856, laugardaginn hinn 2. ágúst hélt byggingarnefndin fund hjá bæ Guðmundar maturvarðar Gissurssonar í Grjóta, hvar þá var leyft téðum Guðmundi optir ósk hans að lengja timburpakkhús það sem hann þar á suður á við um $7\frac{1}{2}$ alin, þannig að það verður áfast við móhús honum tilheyrandi bygt úr tffi, er þar stendur fyrir sunnan með téðu millibili. Viðaukinn við pakkhúsið verður úr timbri, einsog það sjálf. - Fundi slitið.

V.Finsen T.Steinsson D.Jónatansson

Ár 1856, mánudaginn hinn 15. sept. var af byggingarnefndinni fundur haldinn hjá húsinu Nr.1 í Vallarstræti, áður tilheyrandi skóara Billenberg, en nú selt sniktara O. Gudjohansen, til þess samkvæmt ósk eigandans af náðalóðinni, beiðis P.C.Toftes, að mæla lengd lóðar þeirrar sem fylgi nefndri eign Nr.1 í Vallarstræti frá austri til vesturs, þaræð undir lengd téðrar lóðar er komiðks, hvort veð nokkurt sem á henni hvílir nái einnig til Toftes lóðar.

Við mælinguna reyndist lóðin sem fylgir húsinu Nr.1 á Vallarstræti frá austri til vesturs að vera að norðanverðu 38 álnir og 2 þunlungar, og að sunnanverðu $38\frac{1}{2}$ alin. Á þessu svæði stendur húsið Nr.1 í Vallarstræti. - Fundi slitið.

V.Finsen D.Jónatansson Jón Pjetursson

Ár 1856, mánudaginn hinn 15. sept. hélt byggingarnefndin fund og var þar fyrirtekið.

1. Beiðni frá tómhúsmanni Ólafi Ólafssyni á Vegamótum um að mega lengja baðstofu sína um 2 álnir í austur. Þar þetta verður á lóð þeirri sem Ólafi er þegar útvísuð, getur þessari beiðni okkert verið til fyrirstöðu. Téður Ólafur, sem var settur, óskaði enn fremur sér útmælt plás 10 - 15 álnir að lengd fyrir framan bæjardyr hans, meðfram alfaraveginum, en þar Ólafur þegar hefir mikið plás optir 2 fyrri útmælingum, og það nú umbeðna svæði virðist hentugt til bæjarbyggingar, gat byggingarnefndin eigi fallist á að það veri honum útvísað.
2. Guðna Einarssyni í Miðholti var optir beiðni hans leyft að byggja hesthús 7 álnir á lengd og 4 al. á breidd í kálgarði hans sem stendur norður og vesturundir bæ hans, hesthúsið á

að snúa frá norðri til suðurs.

3. Guðbrandi Guðnasyni í Brennu var eftir beiðni hans leyft að snúa bæjardyrum sínum til suðurs, ístað þess að þær nú snúa til vesturs.

Fundi slitið.

V.Finsen B.Jónatansson F.A.Nielsen

Ár 1856, mánudaginn hinn 22. sept. hélt byggingarnefndin fund hjá barnum Suðurbergi, tilheyrandi Sacharíasi Árnasyni, í til-efni af því að téður Sacharías hefir í huga að flytja hjall sem nú stendur fyrir vestan þe hans, á óhentugum stað fyrir hann, og hefir hann því óskað sér útvísad annað svæði til að setja téðen hjall á.

Eftir að hafa komið á staðinn, áleit byggingarnefndin að hinn unreddi hjallur, til þess að verða ekki til óþrýðis, eður fyrir utan stefnu þá sem laglegust virðist, stti helst að setjast næst fyrir sunnan lóð þá sem Sacharías á nú, þennig að austurhlið hjallsins verði í stefnu með austurhliðinni á lóð hans eins- og hún er nú. Hjallurinn á að vera 5 álnir á lengd frá suðri til norðurs og 4 álnir á breidd frá austri til vesturs og var samkvæmt þessu útvísad Sacharíasi við-bót við lóð hans 5 álnir frá norðri til suðurs og 21 aln frá vestri til austurs, til að setja þar hjallinn, og nær stykki þetta að vestanverðu ofanað kálgerði sem Sacharías á. - Fundi slitið.

V.Finsen B.Jónatansson J.Dórðarson Jón Pjetursson

Ár 1856, miðvikudaginn hinn 8. okt. hélt byggingarnefndin fund og var fyrirtekið:

1. Gata sú sem ákveðin er með gjörð byggingarnefndarinnar frá 24. apríl þ.á. og bréfi Stiptamtsins 2. þ.m. uppað Hákotekálgerði á nú að leggjast og ber því að flytja úr vegi hjall þann sem í téðri gjörð er ungetið að í vegi stendur fyrir götunni. Ekkjen Vilborg Jónsdóttir í Borgarabæ sem á téðen hjall metti og óskaði hjallinn setten fyrir sunnan nýju götuna, ístað þess að hann nú er fyrir norðan hans, og fellst byggingarnefndin á að hann verði settur þannig, og á hjallurinn að snúast um í þessu skyni, þennig að sá gaflinn snúi til götunnar sem er allur úr timbri og

á hjallurinn að vera nokkuð austar en nú, þannig að austurhlíðin verði í stefnu með austurhlíð kálgarðsins hjá Brekkubæ; hjallurinn er á breidd $5\frac{1}{2}$ alin og á lengd 11 álnir og á að snúa frá norðri til suðurs, frá sjálfri götunni og að ofanefndum kálgarði hjá Brekkubæ. Við þessa tilhögun sperrist gatan sem hingaðtil hefir legið upp með Brekkubæ, hvaðeð er samkvamt því sem í gjörðinni frá 24. apríl þ.á. er ráðgjört.

2. Einnari snikkara Jóhannssyni var leyft að setja hjall 6 álnir á lengd frá norðri til suðurs og 5 álnir á breidd frá austri til vesturs fyrir ofan eða austan hús hans í Ingólfsbrekku; hjallurinn á að vera 24 álnir til austurs frá hásinu, þannig að hann standi suðurundan smiðju Sæmundar Arngríssonar og er willibil þetta ákveðið, þar ástæða er til að halda að gata kynni ef til vill einhverntíma að verða lögð í sundinu sem myndast af téðri smiðju og hásunum þar næst fyrir vestan; hjallurinn á að ná jafnlangt til suðurs og íbúðarhúsi Einars Jóhannssonar.

3. Í viðbót við lóð þá er Ólafí Ólafssyni á Vegamótum hefir áur verið útvísuð, seinast 26. nóv. 1855, var téðum Ólafí útvísuð pláss fyrir framan og vestan bejarðyr hans, 5 álnir á breidd, frá austri til vesturs, 31 alin á lengd, nefnilega jafnlangt og lóð hans áður nær. Þetta pláss etlar Ólafur að umgírða og virðist sanngjarnt að yfirláta honum það, þar sem hann hlýtur að geta varið bejarðyr sínar fyrir ágengi af hestum.

4. Ennfremur var sama Ólafí Ólafssyni á Vegamótum optir beiðni hans útmelt sveði til réktunar á holtinu fyrir sunnan bæ hans, nefnilega 45 álnir frá norðri til suðurs, reiknað frá lóð þeirri sem hann á nú og frá vestri til austurs að sunnanverðu 40 álnir, en 62 álnir að norðanverðu. Þetta pláss útvísast honum leigulaust um 25 ár, en að þeim liðnum fellur það til bejarins. Fundi slitið.

V.Finsen F.A.Nielsen Jón Pjetursson

Ár 1856, miðvikudaginn hinn 15. okt. átti byggingarnefndin fund með sér hjá bænum Brennu á Arnarhólsholti, í tilefni af beiðni tómtúsmanns skráðara Ólafs Einarssonar um að honum þar yrði útvísuð bejar- og kálgarðsstæði.


Ólafur Einarsson var tilstaddur og var honum útvísuð sveði fyrir sunnan lóð þá sem tilheyrir bænum Brennu 61 alin frá norðri til suðurs og 21 alin frá austri til vesturs. Sveði þetta byrjar ekki strax fyrir sunnan lóð þá sem fylgir bænum Brennu, heldur

verður 5 álna millibili þar á milli ~~frá~~^{tí} götu, til fræmhalda götu þeirri, sem þar er vestur eptir niður með Friðriksbæ. Hin útvísða lóð er jafnbreidd lóðinni hjá bænum Brennu og á að vera í stefnu með henni til austurs og vesturs. Bærinn sem Ó. Einarsson óttar að byggja á að vera 11 álnir á lengd, 10 álnir á breidd og standa í norðurenda svæðis þess sem hér er útvísað. Fundi slitið.

V.Finsen F.A.Nielsen Þ:Jónatansson

Ár 1856, mánudaginn hinn 24. nóvember var af byggingarnefndinni fundur haldinn á Stöðlakotstúni fyrir sunnan hús Einars snikkara Jóhannssonar, útaf beiðni Einars snikkara Jónssonar um að fá útmælt þar byggingarsvæði fyrir timburhús. Plás það sem hús þetta á að standa á, er partur af Stöðlakotstúni, en illa rektað og grýtt, og virðist þarðeuki stlað og hentugt til húsa-byggingar, einkum þannig að húsaröð suðureptir sé haldið áfram í röð með Einars Jóhannssonar húsi. Byggingarnefndin áleit því ekkert á móti að þetta plás yrði útvísað og var samkvæmt þessu og beiðni Einars snikkara Jónssonar, sem var mættur, í 10 álna millibili fyrir sunnan hús Einars Jóhannssonar útvísað honum byggingarsvæði 21 alin á lengd frá norðri til suðurs og 12 álnir á breidd nyrðrfræmhlíðin frá austri til vesturs; húsið á að vera 16 álnir á lengd og 12 álnir á breidd, og á fræmhlíðin að snúa til vesturs. Um það hvort kígaröðssvæði geti útvísast með lóð þessari, verður síðar að taka ákvörðun, þegar allir nefndarmenn eru viðsteddir, en af þeim voru við þennan fund ekki mættir aðrir auk bæjarfógeta, en aðlesmiður T. Steinsen, timburmeistari Nielsen og bæjarfulltrúi J. Þórðarson, hvarámóti Assessor J. Pjetursson og kaupmaður Þ. Jónatansson ekki voru mættir, en spuremálið um ofarnefnda viðbót til kálgaröðs stendur í sambandi við það, hvar laglegast sé að leggja götu meðfram húsum þessum, sem virðist eiga að athuga mjög nákvæmlega. - Fundi slitið.

V.Finsen T:Steinsson F.A.Nielsen Jón Þórðarson



© H. S. K. S. n. Reykjavík